

með bestu Ræðjum frá útg.

SÓLARLJÓÐ

GEFIN ÚT

MEÐ SKÍRINGUM OG ATHUGASEMDUM

AF

BIRNI M. ÓLSEN

[SAFN TIL SÖGU ÍSLANDS OG ÍSL. BÓKMENTA V NR. 1]



REIKJAVÍK
PRENTSMÍÐJAN GUTENBERG
1915

HÁSKÓLI ÍSLANDS
ÚR BÓKUM FINNS JÓNSSONAR

Formáli.

Vorið 1913 las jeg Sólarljóð með lærisveinum mínum við háskólann, og komst jeg þá að sumu leiti að annari niðurstöðu enn þeir, sem áður höfðu skirt kvæðið, bæði um skilning á kvæðinu í heild sinni og á einstökum stöðum þess.

Í birjun næsta árs (1914) barst mjer í hendur 1. hefti af hinu nija norska tímariti, er nefnist »Edda«. Þar las jeg ritgjörð eftir hinn norska vísindamann Fredrik Pæasche, sem beinist sjerstaklega að Sólarljóðum (»St. Michael og hans engle. En studie over den ældre katolske skaldedigting, Draumkvædet og særlig Sólarljóð«, Edda, 1914, 33.—74. bls.). Mjer var það mikið gleðiefni að sjá, að þessi maður hjelt fram mjög líkum skoðunum og jeg hafði haldið fram árið áður um kvæðið í heild sinni og skírði suma staði alveg eins og jeg, þó að hvorugur vissi um rannsóknir hins. Ritgjörð hans ber vott um dæmefnafróðleik í kristilegum miðaldaritum og miðaldakvæðum, bæði íslenskum og útlendum; hún er laus við alla hleipidóma og rituð með þeim hlíleik og þeirri samúð gagnvart kaþólskri trú feðra vorra, sem enginn skirandi Sólarljóða má án vera. Síðar hefur Pæasche skirt Sólarljóð enn nánar í hinu merkilega riti sínu Kristendom og kvæð, en studie i norrøn middelalder, Kria 1914, 135.—171. bls.

Loks barst mjer nú í vor niútkomin útgáfa Sólarljóða eftir Hjalmar Falk, prófessor við háskólann í Kristianíu (Sólarljóð av Hjalmar Falk, Kristiania 1914. Viden-skapselskapets skrifter. II. Hist.-filos. Klasse 1914. No. 7). Þeirri útgáfu filgja mjög svo fróðlegar skiringar og at-hugasemdir.

Þetta eru hinar síðustu tilraunir til að skíra Sólarljóð. Grundvöllurinn var lagður áður, first af þeim mönnum, sem gáfu út 1. bindi af Eddukvæðaútgáfu Árnafndar 1787, því að þar er kvæðið gefið út í första sinn. Síðan var kvæðið látið fylgja flestum Eddukvæðaútgáfum, þó að það eigi þar í rauninni ekki heima. Má þar sjerstaklega nefna útgáfu Rask's (1818), enn þó einkum útg. S. Bugge's (1867), því að þar eru flest handrit höfð til hliðsjónar og glögg grein gerð fyrir, hvað í þeim stendur; er því sú útgáfa enn í dag nauðsinleg hverjum þeim, sem fæst við að skíra Sólarljóð. Auk þess gaf Guðbrandur Vigfússon kvæðið út í Corpus poeticum boreale og Finnur Jónsson í Skjaldedigting I A 628.—640. bls. og I B 635.—648. bls. Þar, í Skjalded., er greint nákvæmlega, hvað stendur í fáum úrvalshandritum og fylgir dönsk þiðing. Af þiðingum skal jeg sjerstaklega nefna þiðing á þísku eftir Alexander Baumgartner í ferðabók hans um Ísland og Færeijar (Nordische Fahrten I, Island und die Färøer, 3. auflage, Freiburg i. Breisgau, 1902). Þiðingunni fylgja fróðlegar athugasemdir, og ífirleitt má segja, að þiðingin beri að ímsu leiti vott um glöggari skilning á esni kvæðisins enn komið hafði fram áður, enda er það engin furða, því að hjer er kvæðið í första sinn skírt af hámentuðum kapólskum presti.

Þó að svona margir ágætismenn hafi lagt sig fram til að skíra Sólarljóð, þá vantar þó enn mikið á, að kvæðið sje skírt til hlítar. Útgáfa sú, sem hjer fer á eftir, er tilraun til að greiða úr nokkrum flóknum stöðum og esla rjettan skilning á kvæðinu í heild sinni og á sambandi þess við önnur kvæði.

Við textann hef jeg sjerstaklega haft hliðsjón af útgáfum þeirra S. Bugge's og Finns Jónssonar í Skjaldedigting I A með þeim orðamun, sem þar er greindur. Ef einhver lesháttur stafar af leiðrjettingu og stendur ekki í neinu handriti, er þess getið neðanmáls, hvað í handritum stendur, enn annars þótti mjer óþarfi að greina orðamun handritanna, því að hver sem vill getur kint sjer hann í áðurnefndum útgáfum. Til þess að menn

skilji betur þráðinn í kvæðinu, hef jeg bætt við firirsögnum fyrir einstökum köflum þess frá sjálfum mjer. Þær standa ekki í neinum handritum.

Sólarljóð eru því miður ekki til í neinu gömlu eða góðu handriti, heldur að eins í tiltölulega ungum pappírshandritum (frá 17. öld og ingri), sem öll virðast stafa frá einu og sama eldra handriti¹⁾. Því er engin furða, þó að kvæðið sje víða afbakað.

Í athugasemdum mínum og skiringum hef jeg auðvitað stuðst við það, sem áður hefur verið ritað um kvæðið, ekki sist við rannsóknir F. Paasche's og útgáfu Hj. Falk's. Í tilvitunum til þeirra tákna »P. Edda« ritgjörð Paasche's í Eddu, »P. Kvad« bók sama Kristendom og kvad, og »Hj. Falk« útgáfu Falk's.

»B.« tákna útg. S. Bugge's í Norrœn Fornkvæði, Kria, 1867.

»F. J.« tákna útg. Finns Jónssonar í Skjaldedigting.

1) Eitt handrit, nr. 1109 fol. í Ny kgl. saml., vitnar beint í skinnhandrit (»membrana«), enn sú tilvitnun er tekin eftir eldra handriti, því að 1109 er ekki ritað fir enn eftir miðja 18. öld eftir handriti, sem Jón konrektor Egilsson († 1784) átti og borið hafði verið saman við íms önnur handrit (B. formálinn XLVI. og LX. bls. Kr. Kálund, Katalog ifir konungl. safnið 112. bls.).

Sólarljóð.

I. Dæmapáttir.

1. dæmi: Greppr ok Gestr.

1. Fé ok fjörvi
rænti fyrða kind
sá enn grimmi Greppr.
Yfir þá vegu¹⁾
er hann varðaði
náði engi kvíkr komask.
2. Einn hann átt
opt harðla,
aldri bauð hann manni til matar.
áðr en móðr
ok meginlitill
Gestr²⁾ af götu kom.
3. Drykks of þurfi
lézk enn dæsti maðr
ok vanmettr vera.
Hræddu hjarta
hann lézk trúa
þeim er áðr hafði vályndr verit.

1) götu hðrr.

2) Hjer bæta hðrr. við: gangandi, enn það raskar kveðandi og virðist ofaukið. Líklega er villan sprottin af talshættinum ala gest ok ganganda, sem kemur fyrir í Homiliubókinni norsku bls. 123^o, sbr. Hávam. 132^o.

4. Mat ok drykk
veitti hann þeim er móðr var,
alt af heilum hug.
Guðs hann gáði,
góðu hánnum beindi,
því hann hugðisk værligr¹⁾ vera.

5. Upp hinn stóð,
ilt hann hugði,
eigi var þarfsamliga þegit,
synd hans svall,
sofanda myrði
fróðan, fjölvaran.

6. Himna guð
bað hann hjálpa sér,
þá er²⁾ hann veginn vaknaði.
En sá gat
við syndum taka,
er hann hafði saklausan svikit.

7. Helgir englar
kómu ór hinnum ofan
ok tóku sál hans til sín:
i hreinu lífi
hón skal lifa
æ³⁾ með almátkum guði.

1) Flest hðrr. hafa vælligr (-legr), sem i rauninni er ekki annað enn værligr, ritað eftir niðsl. framburði (rl = ll, sbr. Stulla f. Sturla, falletgur f. farligr), sjá Konr. Gíslason: „Om helrim“ 57.—58. bls. og Eflertl. skriffler II. 258.—264. bls. Aðrir leshættir (vælegr, valegr) eru annaðhvort afbökun fyrir vælligr eða tilraun ritara til að skíra það, sem hann skildi ekki.

2) slept i hðrr.

3) Frá [æ lifa hðrr.

2. dæmi: Unnarr ok Sævaldi.

8. Auð né heilsu
ræðr engi maðr,
þót¹⁾ hánú gangi greitt.
Margan þat sækir
er minst of varir:
engi ræðr sættum sjálfr.

9. Ekki þeir hugðu
Unnarr ok Sævaldi,
at þeim mundi heill hrapa.
Nøktir þeir urðu
ok [næmðir hvívetna²⁾]
ok runnu sem vargar til viðar.

3. dæmi. Sváfaðr ok Skartheðinn.

10. Munaðar ríki
hefir margan tregat,
opt verðr kvalræði af konum.
Meingar þær urðu;
þó enn mátki guð
skapaði skirliga.

11. Sáttir þeir váru
Sváfaðr ok Skartheðinn,
hvárgi mátti annars án vera,
fyr en þeir æddusk
fyr einni konu:
hón var þeim til lýta lagin.

12. Hvárskis þeir gáðu
fyr þá hvítu mey
leiks né ljóssa daga.
Øngvan hlut
máttu þeir annan muna
en þat ljósa lík.

1) þó hðrr.

2) Frá [flest handrit hafa næmir hvervetna.

13. Daprar þeim urðu
enar dimmu nætr,
øngvan máttu þeir sætan sofa.
En af þeim harmi
rann heipt saman
millum virkta vina.

14. Fáðœmi verða
í flestum stöðum
goldin grimmliga:
á hölm þeir gengu
fyr et horska víf
ok fengu báðir bana.

4. dæmi: Ráðný ok Véboði.

15. Ofmetnað drýggja
skyldi engi maðr,
þat hefik sannliga sèt,
þvíat þeir hverfa
er hánú fylgja
flestir guði frá.

16. Rík þau váru
Ráðný ok Véboði
ok hugðusk golt eitt gera.
Nú þau sitja
ok sárum snúa
ymsum elda til.

17. Á sik ein¹⁾ þau trúðu
ok þóttusk ein vera
allri þjóð yfir.
En þó leizk
þeirra hagr
annan veg almátkum guði.

1) Getgáta; slept í hðrr.

18. Munað þau drygðu
á marga vegu
ok höfðu gull fyr gaman.
Nú er þeim goldit,
er þau ganga skulu
millum frosts ok funa.

5. dæmi: Sörli enn góðráði ok Vigúlfr.

19. Óvinum þínum
trúðu aldregi,
þót þér fagrt mæli fyrir.
[Góðu þót heiti¹],
gott er annars
vití hafa at varnaði.

20. Svá hánnum gafsk
Sörla ennum góðráða,
þá er hann lagði á [Vigúlfs vald²].
Tryggliga hann trúði,
— en hinn at tálum varð, —
sínnum bróðurbanda.

21. Grið hann þeim selði
af góðum hug,
en þeir hétu hánnum gulli i gegn.
Sáttir létusk,
meðan saman drukku,
en þó kómu flærðir fram.

22. En þá eptir
á öðrum degi,
er þeir höfðu i Rýggjardal riðit,
sverðum þeir meiddu
þann er saklauss var
ok létu hans fjörvi farit.

1) Frá [góðu þú heit hðrr.

2) Frá [vald hans Vigúlfs hðrr.

23. Lík hans þeir drógu
á leynigötu
ok brytjuðu i brunn niðr.
Dylja þeir vildu,
en dróttinn sá
heilagr hinnum af.

24. Sál hans bað
enn sanni guð
i sinn fögnuð fara.
En sökudólgar
hygg ek síðla muni
kallaðir frá kvölum.

II. Ráðatal.

1. ráð.

25. Disir bið þú þér
dróttins mála
vera hollar i hugum.
Viku eptir
mun þér vilja þíns
[at óskum ganga alt¹].

2. ráð.

26. Reiðiverk,
[þá er þér runnit²] hefir,
bœt þú ei illu yfir,
grœttan göla
skaltu með góðum hlutum:
þat kveða sálu sama.

3. ráð.

27. Á guð skal heita
til góðra hluta,

1) Frá [alt at óskum ganga (gá) hðrr.

2) Frá [þau þú unnit hðrr.

þann er hefir skatna skapat.
Mjök fyrir verðr
manna hvern,
er seinar¹⁾ finna föður.

4. ráð.

28. Æsta dugir
einkum vandliga
þess er þykkir vant vera.
Alls [á mis²⁾] verðr
sá er einskis biðr —
fár hyggr þegjanda þörf.

5. ráð.

29. Síðla ek kom
snimma kallaðr
til Dómvalds dyra;
þangat ætlumk;
því mér heitit var.
Sá hefir krás er krefr.

6. ráð.

30. Synðir þvi valda,
at sárhryggvir³⁾ förum
ægisheimi ór.
Engi óttask,
nema ilt geri.
Gott er vammalausum vera.

7. ráð.

31. Úlfum glikir
þykkja allir þeir
er eiga hverfan hug.

1) Eitt hdr. hefur seint, hin flest sér.

2) Frá [misskrifað á imsan hátt i hdr. (a me, ami, a me, a vel [væl, vil]).

3) vér hryggvir hdr.

Svá mun gefask
þeim er ganga skal
þær enar glæddu götur.

Niðurlagserindi.

32. Vinsamlig ráð
ok viti bundin
kenni ek þér sjau saman.
Görla þau mun
ok glata aldregi,
öll eru þau nýt at nema.

III. þátr. Um líf ok dauða ok annat líf.

1. Lífit.

33. Frá þvi er at segja,
hvé sæll ek var
yndisheimi i,
ok hinu öðru,
hvé ýta synir
verða nauðgir at nám:
34. Vil ok dul
tælir virða sonu
þá er fikjask á fé.
Ljósir aurar
verða at löngum trega.
Margan hefir auðr apat.
35. Gláðr at mörgu
þotta ek gumnum vera
þvit ek vissa fátt fyrir.
Dvalarheim
hefir dróttinn skapat
munaðfullan mjök.

36. Lútr ek sat,
lengi ek hölluðumk,
mjök var ek þá lystr at lifa.
En sá réð
er rikri¹⁾ var.
Frammi eru feigs götur.

2. *Dauðinn.*

37. Heljar reip
kómu harðliga
sveigð at síðum mér,
slita ek vilda,
en þau seig vóru.
Létt er lauss at fara.

38. Einn ek vissá,
hversu alla vega
sullu sítir mér,
Heljar meyjar
er mér hrolla buðu
[á hverju kveldi heim²⁾].

39. Sól ek sá,
sanna dagstjörnu,
drúpa dynheimum í.
En Heljar grind
heyrða ek á annan veg
þjóta þungliga.

40. Sól ek sá
setta dreyrstöfum.
Mjök var ek þá ór heimi hallr.
Máttug hún leizk
á marga vegu
frá því er fyrri var.

1) rikr *hðrr.*

2) *Frá* [heim á hverju kveldi *hðrr.*

41. Sól ek sá —
svá þótti mér,
sem ek sæja göfgan guð.
Henni ek laut
hinzta sinni
alda heimi í.

42. Sól ek sá —
svá hún geislaði,
at ek þóttumk vætki vita.
En Gylfa¹⁾ straumar
grenjuðu á annan veg
blandnir mjök við blóð.

43. Sól ek sá
á sjónum skjálfandi
hræzlufullr ok hnipinn,
þvit hjarta mitt
var harðla mjök
runnit sundr í sega.

44. Sól ek sá
sjaldan hryggvari.
Mjök var ek þá ór heimi hallr.
Tunga mín
var til trés metin
ok kólnat at fyr utan.

45. Sól ek sá
síðan aldregi
eptir þann dapra dag,
þvit fjarla²⁾ vötn
luktusk fyrir mér saman,
en ek hvarf kallaðr frá kvölum.

1) gylfar (gilvar, gilnar) *hðrr.*

2) fjalla *hðrr.* *Sbr. vælligr fyrir værligr 4^o.*

46. Vánarstjarna fló
— þá var ek fœddr —
brott frá brjósti mér,
hátt-at hón fló,
hvergi settisk,
svá at hón mætti hvíld hafa.

3. Líkit náttsett ok grafit.

47. Öllum lengri
var sú en eina nótt,
er ek lá stirðr á strám.
Þá merkir þat
er guð mælti,
at maðr er moldu samr.

48. Virði þat ok viti
enn virki guð,
sá er skóp hauðr ok himin,
hversu munaðarlausir
margir fara,
þót við skylda skili.

49. Sinna verka
nýtr seggja hverr.
Sæll er sá er gott gerir.
Auði frá
er mér ætluð var
sandi orpin sæng.

4. Hörundar hungur ok laugavatn. *Á Nornastóli.* 14
För um sigrheima.

50. Hörundar hungur
tælir hölda opt,
hann hefir margr til mikinn,
laugavatn
er mér leiðast var
eitt allra hluta.

51. Á Nornastóli
sat ek niu daga,
— þaðan var ek á hæst¹⁾ hafinn.
gýgjar sól
er skein grimmliga
ór [skýjum skýdrúpnis²⁾].

52. Utan ok innan
þóttumk alla fara
sigrheima sjau.
Upp ok niðr
leitaða ek æðra vegar,
hvar mér væri greiðastar götur.

5. Í kvölheimum.

a. Sálirnar.

53. Frá því er at segja,
hvat ek fyrst of sá,
þá er ek var í kvölheima kominn.
Sviðnir fuglar,
er sálir váru,
flugu svá margir sem mý.

b. Vánardreki ok Glævaldr.

54. Vestan sá ek fljúga
Vánardreka
ok fell á Glævalds götu,
vængi þeir skóku,
svát víða þótti mér
springa hauðr ok himinn.

c. Sólarhjörtrinn.

55. Sólar hjört
leit ek sunnan fara,

1) hest *hðrr*.

2) Frá [skýdrúpnis (-drypnis, -driþnis, -deipnis) skýjum
(skyrmi, skirmi) *hðr*.

hann [teymði tvá¹) saman.
fœtr hans
stóðu foldu á,
en tóku horn til himins.

d. Niðja synir.

56. Norðan sá ek riða
niðja sonu
ok váru sjau saman.
Hornum fullum
drukku þeir enn hreina mjöð
ór brunni Baugregins.

e. Píslir ranglátra.

57. Vindr þagði,
vötn stöðvaði,
þá heyrða ek grimmligan gny.
— Sínum munum²)
svipvisar konur
mólu mold til matar.

58. Dreyrga steina
þær enar dökku konur
drógu daprliga.
Blóðug hjörtu
hengu þeim fyr brjóst utan
mædd við miklum trega.

59. Margan mann
sá ek meiddan fara
á þeim glæddu götum.
Andlit þeirra
þóttu mér öll vera
rýgjar blóði roðin.

1) Frá [teymðu tveir hðrr.

2) mönnum hðrr.

60. Marga menn
sá ek moldar gengna,
þá er eigi máttu þjónustu ná.
Heiðnar stjórnur
stóðu yfir höfði þeim,
fáðar feikustöfum.

61. Menn sá ek þá
er mjök ala
öfund um annars hagi.
Blóðgar rúnar
váru á brjósti þeim
merkðar meinliga.

62. Menn sá ek þar
marga ófegna,
þeir váru villir vega.
Þat kaupir sá
er þessa heims
apask at óheillum.

63. Menn sá ek þá
er mörgum hlutum
véltu um annars eign.
Flokkum þeir fóru
til Fégjarnsborgar,
ok höfðu byrðar af blýi.

64. Menn sá ek þá,
er margan höfðu
fé ok fjörvi rænt.
Brjóst i gegnum
rendu brögnum þeim
öflgir eitrdrekar.

65. Menn sá ek þá
er minst vildu
halda helga daga.

Hendr þeirra
váru á heitum steinum
neglðar nauðliga.

66. Menn sá ek þá
er af mikillæti
virðask vánum framar.
Klæði þeirra
váru kynliga¹⁾
eldi um slegin.

67. Menn sá ek þá
er mart höfðu
orð á annan logit.
Heljar hrafnar
ór höfði þeim
harðliga sjónir slitu.

68. Allar ógnir
fær þú eigi vitat
þær er helgengnir hafa.
Sætar syndir
verða at sárum bótum —
æ koma mein eptir munuð.

6. Í paradís. Ömbun réttláttra.

69. Menn sá ek þá
er mart höfðu
gefit at guðs lögum.
Hreinir kyndlar
váru yfir höfði þeim
brendir bjartliga.

70. Menn sá ek þá
er af miklum hug
veittu fátækum frama.

1) kýmíliga *hðrr.*

Lásu englar bœkr
ok ymna¹⁾ skript
helgar²⁾ yfir höfði þeim.

71. Menn sá ek þá
er mjök höfðu
hungri farit hörund.
Englar guðs
lutu öllum þeim,
þat er æzta unað.

72. Menn sá ek þá
er móðum³⁾ höfðu
látit mat í munn.
Hvilur þeirra
váru á himingeislum
hafðar hagliga.

73. Helgar meyjar
höfðu hreinliga
sál af syndum þveggit
manna þeirra
er á mörgum degi
þínu sjálfa sik.

74. Hávar reiðir
sá ek með himnum fara;
þær eiga götur til guðs.
Menn þeim stýra
er myrðir eru
alls fyr öngvar sakir.

1) himna *hðr.* (*p. e. AM. 166 b, 8^v, því að hin sleppa öllu þessu visuorði.* Mindirnar ymni og hymni (*lat. hymnus*) skiftast á i fornum *hðrr.*

2) Þetta orð stendur i *hðrr.* næst á undan bœkr i 4. visuorði.

3) móður *hðrr.*

75. Enn mätki faðir!
[Enn mæzti¹⁾ sonr!
Heilagr andi himins!
Þik bið ek skilja,
er skapat hefir,
oss alla eyðum frá

IV. Rúnaþátr. Njarðardætr.

1. Starf Njarðardætra.

76. Hringvör²⁾ ok Listvör
sitja í Herðis dyrum
organs stóli á.
Norna³⁾ dreyri
fells ór nösúm þeim,
sá vekr fjón með frum.

77. Óðins kván
rœr á jarðar skipi
[móðug á⁴⁾ munað.
Seglum hennar
verðr síð hlaðit
þeim er á þráreipum þruma.

2. Rúnaletrið.

78. Arfi, faðir
einn þér ráðit hefik
ok þeir Sólkötlu synir

1) Frá [mestr eða mesti hðrr.

2) Bingvör fest hðr., sem líklega er ritvilla fyrir Ringvör, þ.
e. Hringvör (með norskum rithætti). Eitt hðr. hefur Wijngvör.

3) járna hðrr.

4) Frá [svo eitt hðr., önnur móðuga eða í móðuga, og tvö í
móðugum.

hjartar horn
þat er ór haugi bar
enn vitri Vigdvalinn:

79. »Hér eru rúnar
er ristit hafa
Njarðar dætr niu:
Baugveig¹⁾ en elzta
ok Kreppvör en yngsta
ok þeirra systir sjau.

80. Bölvi²⁾ hverju
þeir belt hafa
Sváfr ok Sváfrlogi
blóð þeir vökðu
ok benjar sugu
illum³⁾ ey vana«.

V. Niðrlag.

81. Kvæði þetta
er ek þér kent hefi
skaltu fyr kvikum kveða:
Sólarljóð,
er sýnask munu
minst at mörgu login.

82. Hér vit skiljumk
ok hittask munum
á feginsdegi fira.

1) Svo í ímsum hðrr., þar á meðal í 1109 fol., sem sumstaðar
vitnar í skinnhðr.; önnur hafa: badueing, baudveing o. fl.

2) Slept í hðrr.

3) undir illum hðrr.

Dróttinn minn
gefi dauðum ró,
hinum líkn er lífa¹⁾.

1) Sum hðrr. bæta við þessu erindi:

Dásamligt frœði
var þér í draumi kveðit,
en þú sátt it sanna.
Fyrða engi
var svá fróðr um skapaðr,
er áðr heyrði Sólarljóðs sögu.

Athugasemdir og skíringar.

Firsta þátt kvæðisins hef jeg kallað **Dæmapátt**, því að í honum klæðir höf. heilræði sín í dæmisagna búning.

Sama er Óðinn látinn gera í Hávamálum. Þar skírir hann skaðsemd ofdríkkjunnar með sögunni um sjálfan sig, þegar hann »varð ofrölví« í garði hins fróða Fjalars¹⁾. Til skíringar lífsreglunni »Meyjar orðum skyli mangi trúa né því eñ kveðr kona« segir hann frá, hvernig Billings mæri gínti hann²⁾. Því til sönnunar, að maður eigi að læra að koma vel orði fyrir sig og ekki vera »*simbulfambi, sá es fátt kann segja*«, segir hann, hvernig hann náði skáldamiðinum úr höndum hins aldna jötuns: »*fátt gat ek þegjandi þara*«, segir hann, »*mörgum orðum mællak í minn frama í Suttungs sölum*«³⁾. Til marks um spakmælið »*svá eñ auðr sem augabragð, hann es vallastr vína*« tekur hann dæmið: »*Fullar grindr sá ek fyr Filjungs sonum, nú bera þeir vðnar vól*«⁴⁾.

Vjer munum síðar sjá dæmi þess, að höf. Sólarljóða hefur þekt og notað Hávamál. Því er líklegt, að hann hafi sniðið þennan firsta þátt kvæðis síns eftir dæmisög-unum í Hávamálum.

Í *firsta dæmi* felst sá síðalærdómur, að það er aldrei of seint að snúast til guðs (svo P. Kvad, 138. bls., sbr. Sólarl. 27. er.): eitt miskunarverk, sprottið af sannri iðrun

1) Hávamál 11.—14. erindi. Tilvitnanir til Eddukvæða eru hjer miðaðar við útg. Finns Jónssonar, Rvík 1905, því að hana eiga flestir hjer á landi.

2) Hávam. 96.—102. erindi.

3) Hávam. 104.—110. er.

4) Hávam. 78. er.

(sbr. af heilum hug í 4. er.) og guðsólta (sbr. guðs hann gáði í 4. er. og Himna guð bað hann hjálpa sér í 6. er.), bætir fyrir allar eldri sindir (sbr. Hj. Falk, 3. bls.). Jafnframt felst í dæminu fyrirheiti um eilífa sælu fyrir þann, sem er veginn saklaus (sbr. 74. er.) og ógnun til morðingjans um eilífa glötun (sbr. 64. er.), því að hann verður að taka á sig sindir þess mans, sem hann mirðir (er. 6⁴⁻⁶).

Guðbr. Vigfússon og S. Bugge hjeldu því fram, að 80. er. kvæðisins, visan um Sváfr og Sváfrloga, hefði frá birjun verið upphafserindi þessarar dæmisögu, og Hj. Falk fylgir þeim í þessu. Jeg mun síðar sína fram á, að þetta erindi á vel við, þar sem það stendur í handritunum, ef alt er rjett skilið. Helsta ástæðan til þess að flitja vísuna fram fyrir var sú, að ef það er ekki gert, þá var svo að sjá, sem þeir tveir menn, sem þessi dæmisaga segir frá, væri ekki nefndir á nafn, eins og í þeim fjórum dæmisögum sem á eftir fara (Unnarr og Sævaldi í 2. dæmi, Sváfaðr og Skartheðinn í 3. dæmi o. s. frv.). Með því að láta firstu dæmisöguna birja á vísunni um Sváfr og Sváfrloga vanst það, að þá var hún um tvo nafngreinda menn eins og hinar dæmisögurnar. Enn þetta er hreinn óparfi, því að jeg get ekki sjeð neitt því til firstöðu, að Greppr í 1. erindi og Gestr í 2. sjeu eiginnöfn, hið firra nafn ræningjans og hið síðara nafn morðingjans. Gestr er algengt nafn bæði að fornu og niju og á vel við um morðingjann, sem gistir hjá ræningjanum. Orðið *greppr* getur þitt bæði 'skáld' og 'ófrinilegur eða tröllslegur maður' (Svarfd. k. 23⁸⁰: *sá þar fara grepp harðla mikinn gagnvart sér ok var þar Klaufi kominn*; í Flat. I 565. bls. er Dofri kallaður *greppr mikill*; sbr. *greppligr* og *greppliga*). Síðari merkingin á hjer mjög vel við sem nafn á ræningjanum. Að vísu kemur Greppr hvergi annars staðar fyrir sem karlmannsnafn svo að jeg viti, enn það kemur fyrir sem auknefni, líklega dregið af svip mansins eða stærð (Halldórr greppr í Sturl.³ II 236. bls.), og frá auknefni til eiginnafrs er stutt fótmál. Til samanburðar má taka það fram, að í Stjörnu-Odda draum 109. bls. eru tveir stiga-

menn nefndir *Garpr* (sem er mjög líkt *Greppr*) og *Gnyr* (sbr. Hj. Falk 4. bls.).

1¹⁻² *Fé ok fjörvi vænti* sbr. 64²⁻³. 1⁴: Leiðrjettingin er nauðsinleg sakir stuðlasetningarinnar.

2⁴⁻⁶: Þessi lísing á Gestu og nafn hans bendir til, að höf. hafi ekki hugsað sjer hann sem ræningja heldur að eins sem vegfaranda.

3⁴⁻⁶ *Hræddu hjarta* — *trúa*: sbr. Hugsvinnsmál (Gerings útg.) 16⁴⁻⁵: *með hreinu hjarta skaltu á hann trúa*; — *vályndr*: 'illur eða grimmur í lund', sbr. Hugsm. 123⁶: *illt er vályndum at vera* (*veillyndum* sum hðrr. og svo ritar F. J.).

4⁶ *værligr*: í gömlu máli kemur *værr* fyrir í merkingunni 'bliður', t. d. í stafrofsritgjörðinni firstu í Sn. E. II bls. 22¹: *svá er mörg við ver sinn vær* ('*adeo placida*' Sv. Eg.) og í vísu í 4. ritgjörð, s. st. bls. 218⁶: *nú er vær konan færi*; í Sturl.³ I bls. 75²¹ á vísu að lesa: *Pat var mæll, at Kjartan væri værr at henni* (þ. e. bliður við hana)¹). Lísingarorð afleiðd af öðrum lísingarorðum með endingunni *-ligr* hafa oft alveg sömu þíðing og þau orð, sem þau eru leidd af, sjá A. Torp, Gamalnorsk ordavleiding (framan við Hægstad og Torp, Gamalnorsk orðbok) § 49; t. d. þíðir *blíðligr* stundum alveg sama og *blíðr* (Fritzner² undir *blíðligr*). Eftir því ætti *værligr* að geta þitt alveg sama og *værr*. Sú þíðing á hjer mjög vel við. *Greppr*, sem annars var *vályndr* (3⁶), ætlaði sjer (*hugðisk*) — í þetta sinn — að vera bliður við komumann.

5⁶ *fróðan, fjölvaran*: Hugsunin virðist vera: þó að hann (v: *Greppr*) væri annars margkunnandi og mjög var um sig. Við *fróðan* sbr. *fróðhugaðr* Hugsm. 3⁵.

7. *Helgir englar* o. s. frv.: sbr. Mariu sögu 81. bls.: *kómu helgir englar dróllins ok báru sál hans til himinrikis*

1) Sbr. Sturl.³ I bls. 133¹⁻²: *samfarir þeirra vörn eigi mjök værar* (svo Króksfjarðarbók; hinn handritallokkurinn hefur með *værdum*, sem er sama). Hjer sjest *værr* á takmörkunum milli hinnar upphaflegu þíðingar, sem við má búa' (af *vera*, sbr. *verit er nú meðan vært er* Eyrb. útg. Gerings k. 55, 7) og hinnar ingri 'bliður'.

fagnaðar, ok nú nýtr hann þar eilífs fagnaðar at eilífu með öllum guðs heilögum mönnum (Hj. Falk 4. bls.).

Siðalærdómur 2. dæmis virðist vera: Allir jarðneskir hlutir — auður og heilsa — eru fallvalltir. Í 1. dæmi síndi höf., að miskunsamur guð er það bjargfasta athvarf, sem vjer gelum reitt oss á. Nú (og í dæmunum sem á eftir fara) sínir hann hverfullleik jarðneskra hluta (P. Kvad 139. bls.).

8² *ræðr engi maðr*: sbr. Hugsm. 34⁵: *[aldrlagi sínu] ræðr engi maðr*. — 8⁴ *sækir*: sbr. Gróg. 12²⁻³: *ef þik sækja kemr frost á fjalli háu*. — 8⁵ *er minst of varir*: sbr. Fjölsvinnsmál 20⁵: *er fæstan varir*, Hugsm. 47⁵: *þá er sitz varir*.

9² *Unnarr ok Sævaldi*: þessi nöfn koma hvergi fyrir annars staðar og eru auðsjáanlega tilbúin af höf. *Unnarr* táknar siglingamann (af *unnr*, ‚alda‘) eða kaupmann, *Sævaldi* sjóviking eða sækonung. Báðir eru hugsaðir sem auðkifingar. — 9³ *at þeim mundi heill hrapa*: sbr. Reginsmál 25⁶: *illt es fyr heill at hrapa*. — 9⁴ *Nóktir*: s. s. ‚blá-snauðir‘, sbr. orð Jobs, þegar hann frjettir eignatjón sitt: *Nakinn kom jeg af móðurskauti og nakinn mun jeg aftur þangað fara* (Jobs bók 1, 21). — 9⁵ *næmdir hvivetna*: þ. e. sviftir öllu. Sbr. Eyvindr Háleygjatal 11⁶, Sigurðarkv. meiri 5⁴ (= Brot 1⁴), Goðrkv. forna (II) 37 og 46³⁻⁴ *[hvítunga höfði næma]*. Í því hdr. sem best er talið (AM. 166 b, 8^o) stendur »*næmdir*«, enn ef svo er lesið, verður líka að lesa *hvivetna*, og svo stóð í hdr., sem Páll lögmaður Vidalín átti. Flestir lesa *næmir hvervetna*, sem á að þíða sama sem *tækir hvervetna*, hjer haft um seka menn (sbr. *vargar* í næsta vísuorði), sem má taka höndum hvar sem vera skal. Enn bæði er það, að *næmr* kemur aldrei fyrir í þessari merkingu, enda veit jeg ekki til, að sögnin *nema*, sem *næmr* er mindað af, sje haft um ‚að taka mann fastan‘. Jeg held því, að leshátturinn *næmir hvervetna* sje afbökun úr *næmdir hvivetna*, og er það hjer auðsjáanlega sett til skiringar, hvernig á því stendur, að mennirnir »*urðu nóktir*«. — 9⁶ *runnu sem vargar til víðar*: hugsunin virðist vera: *urðu sekir skóg-*

armenn. Sbr. Fjölsvinnsm. 4⁶: *ok drif þú nú vargr at vegi*, Völsungakv. forna (H. H. II) 36³⁻⁴: *ef værir vargr á víðum úti*.

Siðalærdómur 3. dæmis er tekinn fram þegar í upphafi með almennum orðum: *Munadar ríki hefir margan tregat* (sbr. 68⁶: *æ koma mein eplir munuð*). *Munuð* táknar hjer líkamslosta¹⁾ eða holdlega ást til kvenna (í samsetningunni *munadarlauss* í 48. er. virðist það tákna kærleik vina og vandamanna). Holdleg ást gerir mann óðan (sbr. *æddusk* 11⁴) og veldur »*heft milli virkta vina*« (13⁵⁻⁶). Sbr. Hj. Falk 6.—7. bls. P. Kvad 139. bls.

10¹ *Munadar*: Í hinu eldra máli er þetta orð altaf kvennkins, *munuð* (eldra *munugð* fyrir *mun-hugð*) eða *munuð* (-oð), eignarfall *munúdar* eða *munuðar* (-oðar). Eignarfallið *munadar* kemur, svo að jeg vili, first fyrir sem firri liður í bæjarnafninu *Munadarnes* (á Ströndum) í 4. kafla Reikholtsmáldaga, sem er ritaður seint á 13. öld, og hefur orðið þá líklega verið í þann veginn að breiðast í karlkinsorð (eins og það er nú í nija málinu): *munadr* með *a* í síðara atkvæði, sem helst um alla beiginguna. Orðið kemur fyrir á 6 stöðum í Sólarljóðum annaðhvort sjálfstætt eða sem liður í samsetningu (10¹, 18¹, 35⁶, 48⁴, 68⁶ og 77³), og hafa handritin alstaðar *a* í næstfyrsta atkvæði nema á einum stað (68⁶), þar virðast öll hdr. hafa *munuð* (þolfall). Enn handritin eru svo ung, að þau er ekki að marka. Ritarar þeirra hafa bersinilega skoðað orðið sem karlkinsorð (sbr. ritháttinn í *móðugum munað* við 78³), og selt inn hinar ingri mindir, þó að hinar eldri kunni að hafa staðið í frumritinu. Sá eini staður (68⁶), þar sem öll handrit hafa þolfallið *munuð*, vegur þungt á metunum gagnvart öllum hinum. Það hefði því líklega verið rjettara að selja inn hinar eldri mindir (*munuð-*) alstaðar í kvæðinu. Að öllum líkindum hefur orðið enn verið kvennkingsorð á dögum Sólarljóðahöfundarins. Að minsta kosti þori jeg ekki að ráða

1) Sbr. Hugsm. 70³: *ljót er líkams munuð*.

neitt um aldur kvæðisins af rithætti þessa orðs í handritunum. — 10³ *tregat*: ‚gert hríggan‘, sbr. Sigdrífum. 29⁶. — 10⁴ *meingar*: ‚fullar meina‘, ‚sindugar‘, sbr. *meinfullr* = sindugur í Hauksbók bls. 158²⁰ og *meinalauss* eða *meintlaus* = sindlaus (sjá Fritzner²). Sbr. einnig *bólvisar konur Sigdrífumál* 26⁴. — 10⁶ *skapaði skirtliga*, þ. e. skapaði þær á hreinan hátt, svo að þær þá voru skirar, þ. e. sindlausar. Hugsunin virðist vera: Hin fyrsta kona var sindlaus frá skaparans hendi, enn síðar »urðu« þær sindugar.

Lísingin á konunum minnir að nokkru leiti á Hávam. 84: *Meyjar orðum osfrv.* og 81¹⁻²: *At kveldi skal dag leyfa, konu es brend es.* Sbr. einnig Hugsm. 11⁴⁻⁵: *illra kvenna firr þú þik öllu lagi.*

11² *Sváfaðr ok Skartheðinn*: Hvorugt nafnið kemur fyrir annars staðar og bera bæði mark höfundarins. *Skartheðinn* er ljóst, mindað í líking við Skarp-Heðinn til að tákna skartsmann, sundurgerðamann í klæðaburði (maður í skrautlegum heðni, = skinnfeldi?). Líkrar merkingar hlítur hitt nafnið að vera. Svb. Egilsson setti það í samband við *sváf*¹), spjótshæiti, sem að eins kemur fyrir í nafnapulum Sn.E. (Lex. poët. undir *Sváfaðr*) og sama gerir Hj. Falk (6. bls.). Enn afleiðslan er vafasöm. Nafnið minnir sterklega á nöfn í Helga kviðu Hjörvarðssonar, Sváfu Eylimadóttur, unnustu Helga, og Sváfni, afa hans, Sváfakonung. Það gæti beint verið mindað af nafninu (*Sváfa*, og táknaði þá kvennhollan mann. Líklegra er þó, að höf. hafi sniðið nafn sitt eftir nafni Sváfnis konungs með því að setja á það aðra afleiðsluending og viljað á þann hátt tákna konungborið skrautmenni. Líka gæti nafnið verið mindað beint af sögninni *sofa* og táknað kvennsaman mann (sbr. *sofa hjá konu Ármóðr*, lv. 3, FJ. Skjalded. I B 511. bls., og *brjóta konu til svefnis* Grág. Staðarhólsbók bls. 331²³), og hneigist jeg helst að þessari skiringu nafnsins. — 11⁵ *fyr einni konu*: forsetningin táknar hjer tilefnið til þess að þeir æddusk, enn í þeirri

1) Líklega er þetta rjett mind orðsins (ekki *svaf*).

merkingu stjórnar *fyr* vanalega þolfalli. Í einu handriti stendur *fyr eina konu*, og er það líklega rjettara (sbr. 14⁵: *fyr et horska vífl*). — 11⁶: *lagin*: þ. e. ásköpuð, ákveðin af forlögnum. Sbr. Skírnism. 13⁴⁻⁶ *einu dægri mér vas . . . alt líf of lagit*; Fjölsvinnsm. 47⁶: *þót þat sé við löst lagit*; Gripiþspá 25⁶: *lagt es alt fyrir*, 23¹⁻²: *Esa með löstum lögð æft þér*. — *Lýti* virðist þíða nokkurn veginn sama og ‚löstur‘, ‚sind‘, sbr. *lýtum loginn*, ‚sem löstum er logið á‘ í Hugsm. 95³; *þjóð lýtum kend* Harms. 38; *En mik Atli kvað eigi mundu lýti ráða né löst gera* Oddrúnargr. 22¹⁻⁴. Hugsunin virðist vera: Hún var ætluð til þess af forlögnum, að þeir skildu sindgast af henni. Annars þíðir talshátturinn *leggja ehm ehð til líta* í níju máli ‚að leggja ehm ehð til ámælis‘. Verið gæti, að sá talsháttur lægi fyrir hjer, og væri þá hugsunin: Þeir fengu óorð af henni. Þó mun hin skirningin rjettari.

12: Sbr. Hávam. 97: *Billings mey ek fann beðjum á sólhvita sofa*; *jarls ynði þótti mér ekki vera nema við þat lík at lífa*, og 92⁴⁻⁵: *líki leyfa ens ljósa mans*. Hjer eru áhrifin frá Hávamálum deginum ljósari. — 12¹⁻³ *Hvárskis þeir gáðu osfrv.* og 13¹⁻³ *Daprar — sofa minnir og á Hávam. 115: Hón svá gerir, at þú gáir eigi þings né þjóðans máls; mat þú villat né mannskis gaman, ferr þú sorga-fullr at sofa.*

13³ *sætan*: hjer verður að undirskilja *blund* eða *svefn* (Nygaard, *Norrøn syntaks* § 91 anm. 3).

14¹ *Fádæmi*: s. s. fádæmaverk (»de viliis rari exempli« Svb. Eg., Lex. poët.). Í sömu merkingu er *ódæmi* haft í Flat. II bls. 381²⁰ (= *ódæmaverk*, sbr. Fritzner²). — 14² í *flestum stöðum* = ‚í flestum tilfellum‘, ‚oftast‘.

Á því getur varla leikið nokkur efi, að höf. hefur haft í huga söguna um Billings mey í Hávamálum, þegar hann samdi þetta dæmi. Enn einkum hefur hann þó, að því er virðist, lagað efníð eftir Gunnlaugs sögu orrstungu (sjá Hj. Falk 6. bls.).

Í 4. dæmi tekur höf. sjálfur fram í upphafi dæmisins þann síðalærdóm sem í því er fölginn, alveg eins og í 3.

dæmi: Varastu ofmetnað, því að hann leiðir til fráhrarfs frá guði (sbr. P. Kvad 139.—140. bls., Hj. Falk 7.—8. bls.).

15 *Ofmetnað drýggja* osfrv.: Um ofmetnað sbr. Stokk-hólms Homiliub. 21. og 68. bls. og Homiliubókina norsku 48. bls. (P.). Við síðari helming vísunnar sbr. Flat. II 392. bls.: *fyrir ofdræms sakar ok líkams munuð hafði hann villzt ok snúzt frá guði ok týnt í því sálu sinni* (Hj. Falk).

16¹⁻² *Rík* -- *Ráðný ok Véboði*: *rikr* þiðir hjer auðvitað ‚voldugur‘ og nöfnin, sem hvergi koma fyrir nema hjer, eiga að tákna ríkilæti þeirra hjóna: *Ráðný*, ‚kona sem vill ráða‘; hjer liggur áherslan á firri liðnum; síðari liðurinn, *-ný*, táknar ekki neilt annað enn það, að hann gerir nafnið að kvenmannsnafni (sbr. hin algengu kvenna-nöfn Guðný, Oddný, Signý og mörg fleiri). *Véboði*, ‚sá sem er vanur að bjóða‘; hjer liggur áherslan á síðari liðnum, enn firri liðurinn, *Vé-*, hefur ekki aðra þiðing enn þá að gera nafnið líkt karlmannanöfnunum Vémundr, Vébjörn, Végeirr og mörgum fleirum. — 16³ *hugðusk*: = ‚hugðu sig‘, ‚þóltust‘. Í því felst ofmetnaður þeirra hjóna, að þau miklast af góðverkum sínum. *gera*: um þessa orðmind sjá Finnur Jónsson, Skjaldesprog, 103. bls. — 16⁴⁻⁶ *lisir refsingu þeirra hjóna í helvíti*, sbr. 18⁴⁻⁶. — 16⁶ *ymsum*: = ‚ímist þessu (sári) eða hinu, eða því þriðja‘, osfrv.

17¹ *A sik ein*: Jeg hef bætt við *ein*, því að annars vantar stuðil í vísuorðið (*á* er hjer of veikt til að bera stuðil), og af því að við það verður hugsunin skarpari og aflmeiri. Í því lisir sjer ofmetnaðurinn, að þau trúá á engan annan enn sig, ekki einu sinni á guð (sbr. *hverfa guði frá* 15⁴⁻⁶) og þikjast ein vera *allri þjóð yfir* — sbr. Stokkh. Hom. 21. bls.: *Fjöturr er lagðr á þann mann er svá er metnaðarfullr, at hann þykkisk yfir öllum öðrum* (Hj. Falk).

18¹ *Munað*: svo besta hdr. (AM. 166 b, 8°); flest önnur hdr. hafa hjer *Munadlifi*, og svo ritar F. J., enn þá verður að skifta vísuorðum þannig:

Munadlifi

þau drýgðu á marga vega.

Hugsunin kemur í sama stað niður, enn 2. vísuorð verður helst til langt. — 18² *á marga vega*, sbr. 40⁵ og 38², Hugsm. 33², 39², 76² (og 7⁵). — 18¹⁻³: Ofmetnaður leiðir til líkams losta (1.—2. vo.) og ágirndar (3. vo.); hann er nefndur »drottning allra illra hluta« í Stokkh. Hom. 61. bls. — 18⁶ *millum frosts ok funa*: sama hugsunin og hjá Jónasi Hallgrímssini:

þar er ei nema eldur og is,
alt í helvíti brennur og frís,
Satan og sálr dauðar.

Hún er algeng á miðöldunum bæði hjer á landi og annars staðar. Sbr. Harmsól 39³⁻⁴: *þar liggur elds á öldum ímu frost með bríma*; Lilja 73¹⁻³: *Reknir brott í dauðans druknan drepnir menn, er þar skulu brenna, gnista tennr í fjölu ok frosti*; Duggals leiðsla í Heilagra manna sögum I 335. bls.; Maríu saga 121. bls. Sjá Hj. Falk 8.—9. bls., sem greinir líka staði úr útlendum ritum.

Síðalærdómur 5. *dæmis* virðist í fljótu bragði vera: trúðu eigi óvinum þínum (19¹⁻³). Þessi kenning er að vísu ekki beint ókristileg, enn þó öllu fremur heiðin enn kristin, tekin beint út úr Hávamálum (89, sbr. 45—46, sjá og Sigrdrífum. 34 og Hugsm. 41 og 85). Og dæmið sem á eftir fer, afdrif þeirra Vigúlfs og Sörla hins góðráða, sínir, að höf. heldur þessu ekki fram öðruvísi enn sem higgilegri lífsreglu fyrir hið veraldlega líf, og verður ekki neilt á móti því haft frá kristilegu sjónarmiði. Á dæminu sjest, að sá sem svikur óvin sinn grandalausn í trigðum fer í eilifar kvalir, enn sá sem er svikinn saklaus gengur inn í fögnuð drottins. Út úr dæminu verður þá ekki dreginn annar síðalærdómur enn þessi: Svík þú ekki óvin þinn saklausn (22⁵) í trigðum. Ef þú gerir það, verður það þjer til glötunar, enn honum til sáluhjálpar. Þessi regla er í besta samræmi við hið háleita boðorð Krists: Elskið óvini iðar (Matth. 5, 44, Lúk. 6,

27)¹⁾, enn í beinni mótsögn við hina heiðnu lífsreglu í Hávamálum 43. og 45.—46. er. Óneitanlega kemur hjer fram nokkur tvískinnungur hjá höf., þar sem hann hefur annan fótinn í hinni veraldlegu, hálfheiðnu síðareglu (í hinum almennu inngangsorðum), enn hinn í kristilegri lífsspeki (í dæminu). Sbr. Hj. Falk 11.—13. bls. Þessi tvískinnungur higg jeg komi af áhrifum frá Hávamálum (og Hugsvinnsmálum?).

19³ *fagrt mæli*: sbr. Hávam. 45⁴: *fagrt skalt við þann mæla*, 91⁴ og 92¹. — 19⁴: Ef handritunum er filgt (*góðu þú heit*), hlítur hugsunin að vera hin sama sem í Hávam. 45³⁻⁴: *fagrt skalt við þann mæla en flátt hyggja ok gjalda lausung við lygi*. En þessi hugsun er algjörlega ósamboðin Sólarljóðahöfundinum og í beinni mótsögn við dæmið, sem á eftir fer. Leiðrjettingin *góðu þót heiti stafar* frá Hj. Falk 11. bls. og er í besta samræmi við það sem á undan gengur. Hugsunin er í rauninni alveg sú sama sem í undanfarandi setningu (*þót þér fagrt mæli fyrir*), enn er hjer höfð sem inngangsorð að viðvörðuninni *gott er annars viti hafa at varnaði*, enn þar hefur höf. að eins fyrir augum þær sorglegu afleiðingar, sem trúgirni Sörla hafði fyrir hann í þessu lífi, og kemur það vel heim við hina veraldlegu lífsreglu í firri visuhelmingnum. — 19⁶: sbr. Hugsm. 92⁴⁻⁵: *vánds manns viti láti sér at varnaði*.

20² *Sörla enum góðráða*: Sörli er gamalt nafn og gott og táknar víst ekki neitt sjerstakt; hjer lísir auknefnið lunderni mansins. — 20³ *á Vigúlfs vald*: leiðrjetting er nauðsinleg til þess að rjett kveðandi haldist. Þegar sjerorð (3. eða 6. visuorð) í ljóðahætti endar á tveggja atkvæða orði með áherslu á firra atkvæði, þá er það atkvæði altaf stutt. Því getur þetta visuorð ekki endað á *Vigúlfs*. Aftur á móti gæti á *vald Vigúlfi* staðist, og getur


1) Sbr. Stokkb. Hom. bls. 120, sjerstaklega orðin: *en þót óviurinn geri sik óverðan nytjanna, þá nýtr þó sá er fyrir honum það eða honum kenti gott eða honum fyrirgef*. Í dæmisögunni hjer gerir Vigúlfr sig »óverðan nytjanna«, en Sörli nitur þess, að hann firirgef bróðurbana sínum eða vildi sættast við hann.

verið að það sje hið upphaflega, því að það er nær handritunum enn á *Vigúlfs vald*. *Vigúlfr* táknar auðvitað vígamann, enn annars kemur nafnið oftast fyrir. — 20⁴⁻⁶ *tryggliga* — *bróðurbana*: sbr. Hávam. 89: *Bróðurbana sínum . . . verðit maðr svá trygggr, at þessu trúi öllu*. Orðin *Tryggliga hann trúði sínum bróðurbana eiga saman*.

21² *af góðum hug*: sbr. Hugsm. 49²: *við góðan hug*. — 21³ *gulli*: \circ : í bróðurbætur.

22³ *Rýggjardal* (eða *Ryggjardal?*): Þetta örnefni kemur hvergi fyrir annars staðar og er auðsjáanlega tilbúið af höf. Firri liðurinn getur verið eignarfall af *rýgr*, 'skörulegur kvennmaður' (sbr. *baugrýgr* og SnE. I 536. bls.: *rýgr heitir sú kona er rikust er*), sbr. *Meyjavatn* (Ísl. Fornbrs. I 272. bls.), *Meyjarland* (bær í Skagafjarðarsíslu), *Meyjarhöll* (í Þingeyjars.), *Kvannahváll* (eða *-höll*) og *Kvennabrekka* (í Dalas.), síður af sama orði í merkingunni 'tröllkona', sem varla kemur fyrir nema í nafnapulum SnE. og rimum. Hugsandi væri, að höf. hefði haft í higgju vísu Gunnlaugs ormsst. *Alín vas rýgr at rógi* og sett kvennheiði *rýgr* í samband við *róg*, 'ófriður'; væri þá *Rýggjardalr* nokkurnveginn sama og ófriðardalur, og á það hjer vel við. Annars gæti nafnið verið mindað í líking við *Rýggjar-* (*Ryggjar-?*) *-bit* í Noregi og táknæði þá ekki — neitt sjerstaklega. — 22⁴ *meiddu*: = *geltu?* Sbr. aths. við 59². — 22⁶ *fförvi farit*: sbr. 1¹⁻² og 64³, Lokas. 57⁶, Fáfánism. 5³.

24³ *i sinn fögnuð*: sbr. Líknarbraut 52⁵⁻⁸. — 24⁶ *kallaðir frá kvölum*: sbr. 45⁶.



Í öðrum þætti eru sett fram 7 sáluhjálpleg ráð, og nefni jeg því þáttinn *Ráðatal*. Höf. hefur hjer bersinilega haft ráðapátt Hávamála, Loddfánismál, til firrindar. Þetta sjest glögt, ef vjer berum niðurlagserindi þáttarins (32) saman við hið margítrekaða viðkvæði Loddfánismála: *Ráðumk þér Loddfáfnir, en þú ráð nemir, njóta munt ef nemr, þér munu góð ef getr*. Hjer svarar

ráðumk þér til ráð kenni ek þér í Sólarl. 32, en þú ráð nemir til görla þau mun ok glata aldregi, og njóta munt ef nemr, þér munu góð ef getr til öll eru þau nýtt at nema. Hugsanirnar eru í rauninni nákvæmlega hinar sömu og settar fram í sömu röð. Og orðin öll eru þau nýtt at nema í Sólarl. eru beinlinis bergmál af njóta munt ef nemr í Loddfáfnism. Munurinn er enginn annar en sá, að Sólarljóðahöf. hefur ekki viljað þreita lesendur sína á því að endurtaka þetta sem viðlag, heldur gerir hann úr því eitt niðurlagserindi. Þetta getur ekki verið eintóm tilviljun. Sólarljóðaskáldið hefur hjer haft fyrir sjer Loddfáfnismál og tekið eftir þeim þá hugmind að hafa ráðaþátt í kvæði sínu.

25¹⁻² *Disir dróttins mála: s. s. dróttins máladisir*, þ. e. þær disir sem mæla við drottin, *sanctæ virgines, chorus virginum*, »helgar meyjar«, sem kapólskir menn hugsa sjer að sjeu návistum við guð og beri fram fyrir hann bænir þeirra, sem á þær heita til árnaðar (P. Kvad 141. bls., Hj. Falk 15. bls.). Í prjedikuninni á allra heilagra messu í Stokkhólms Homiliubókinni er þeirra getið sjerstaklega með þessum orðum (bls. 41¹⁹): *Enn er sjá hátíð haldin helgum meyjum, þeim er gengu í spor Marie drotningar í því er þær höfnuðu öllum líkams munuðum fyr ást guðs ok vildu þjóna himneskum brúðguma í öllu athæfi sínu*. Síðar í sömu prjedikun eru þær nefndar *meyjar guðs* (43⁹), sem minnir mjög á *disir dróttins mála*, og rjett á eftir stendur: *Ef vér höldum á þessa lund hátíð allra heilagra, munu þeir láta sér sóma at vera árnendr órir á dómsdegi við guð*. Þeim til dirðar er ort Heilagra meyja drápa (F. J. Skjalded. II B 582.—597. bls.). Þar eru þær kallaðar *dróttins brúðir* (er. 59⁶) og skoðaðar sem hirð Mariu meijar, er kemur fram sem drotning þeirra. F. J. les *drottins málur* (*mála* = málvina), enn mjer finst sú leiðrjetting óþörf, og ef svo er skrifað, þá eru þær jafnframt nefndar *disir* án nokkurrar viðbótar, en það nafn eitt sjer virðist ekki eiga sem best við um svo háleitar meijar, því að á því er heiðinn blær. — 25⁵⁻⁶ *vilja þins at*

óskum ganga alt: eignarfallið vilja þins stjórnast af óskum. Annars hafa flest handrit, þar á meðal það sem best er talið (AM. 166, b, 8^o), *alt at óskum gá*, og gæti komið til mála að halda þeim leshætti óbreyttum, ef vjer gætum gert ráð fyrir, að orðmindin *gá* fyrir *ganga* hefði verið komin inn í málið, þegar Sólarljóð voru ort. Enn sú mind kemur naumast fyrir fir enn um miðbik 14. aldar (sbr. staði þá, sem vitnað er til hjá Sv. Eg. í Lex. poët. og Jóni Þorkelssini í Supplem. IV)¹⁾, og svo ung eru Sólarljóð varla. Hins vegar raskar *ganga* kveðandi síðast í vísuorði (sbr. ath. við 20⁸), og úr því er bætt með því að færa *alt* aftur fyrir *ganga* eða skifta um þessi orð (*ganga at óskum alt*). Til stuðnings leiðrjettingunni má taka fram, að á einum stað í Hugsm. (74³) kemur *þótt gangi at óskum alt* fyrir sem sjerorð.

26² *þá er þér runnit hefir*: leiðrjetting er nauðsinleg, því að annars vantar stuðil, enda er hugsun vísuorðsins, eins og það stendur í hdr. (*þau þú unnit hefir*), algerlega óþörf og aflaus, því að það segir sig sjálf, að reiðiverk, sem maður á ekki að bæta illu ifir, hlítur að vera »unnit«. Við *runnit hefir* verður að undirskilja *reiðin* og er það mjög edlilegt, þar sem *reiðiverk* gengur rjett á undan. Hugsunin virðist vera: það er firirgefanlegt, þó að mönnum verði á að gera öðrum rangt til í reiði, enn hitt er ófirirgefanlegt að bæta illu ifir þegar manni hefur runnið reiðin. — 26³ *eigi illu*: er í rauninni sama sem stæði *góðu*, sbr. 4.—5. vísuorð. *Bæta yfir*: sbr. Hugsm. 82⁸: *ef engi bælli yfir* og Stokkh. Hom. bls. 179²³⁻²⁵: *sá er fyrri veldr óskilum við nóng* (∴ náunga) *sinn hann er skyldr at bæta fyrri yfir*. Tilsvarendi nafnorð: *yfirbót* (-bætr). — 26⁴⁻⁵ *gæla*: bliðka, gleðja; *hlutum*: hjer vist s. s. gjöfum. — 26⁶ *sálu sama*: sbr. Heil. manna sögur II bls. 356¹⁶: *sómir sálunni* (P.); *kveða*: sbr. Hugsm. 67⁶ og 109⁶, Sigdrifum. 21⁶.

1) Elsti staðurinn er vist í Egils s., útg. F. J., Kh. 1886—8, 58. k. bls. 171²² í Möðruvallabók (AM. 132 fol.): *gáz* = gangast. Það hdr. er að dómi F. J. ekki eldra enn frá miðri 14. öld (form. XII. bls.).

27. Sama hugsun í Harmsól 41, sem hvetur til að sættast þegar í stað við guð, því að *opt verðr ægis leiptra ein stund viðum grundar . . . at seinum*, og í norsku Homiliubókinni bls. 25¹⁵: *Skynda skal hverr maðr sem einn at snúask til guðs, meðan hann má, at eigi seini hann ok megi eigi um síðir* (sbr. Hj. Falk 16. bls.). — 27² *góðra hluta*: hjer = (sannra, andlegra) gæða; sbr. Stokkh. Hom. bls. 51⁴: *hvé sælt er hugskot þat er fyllisk góðra hluta* (Hj. Falk 16. bls.). — 27⁴ *verðr* = ‚glatar‘; fyrir er atviksorð: Hver sem »seinar finna föður«, glatar miklu fyrir (það). — 27⁵ *manna hverr*: sbr. Hugsm. 32⁵, 54a², 59², 63², 64², 75⁵, 76⁵, 90², 92², 101², 111⁵, 129⁵, 137²: *seggyja (gumna, lýða, fyrða, ýta, bragna) hverr*.

28. Hugsun: »Biðjið og mun iður gefast«, Matth. 7, 7, sbr. Lúk. 11, 5—10 og 18, 1—8. Í síðari víshelmingnum snír hóf. hugsuninni við: »þeim sem einskis biður mun ekkert gefast«. — 28⁶ *fár — þörf*: Sbr. orð Eiríks málsþaka hjá Saxa (útg. Müller's bls. 209, Holder's bls. 139): *Pauci tacentis egestatem æstimant aut silentis necessitudinem metiuntur*, og Hávam. 104³: *fátt gat ek þegjandi þar*. Að visu veit alvitur guð þörf manns, þó að hann þegi, enn hann gefur ekki gaum að henni, bætir ekki úr henni, nema hún komi fram í bæn; *hyggv* virðist hjer þýða: ‚athugar‘, ‚gefur gaum að‘.


29. *Dómvaldr* er Kristur, sem dæmir lifendur og dauða. Firri víshelmingurinn minnir á dæmisöguna hjá Matth. 20^{1—15}, sem líkir ríki himnanna við húsráðanda, sem gekk út til að ráða verkamenn í vingarð sinn. Hugsunin virðist vera: þó að þú komir seint til Krists, þá örvæntu ekki um inngöngu í himnaríki, heldur bið hann innilega líknar og mun hann bænheira þig. Sbr. 1. Jóh. 5, 13—15. Ráðið er nokkurs konar viðbót við 3. ráð (27). — 29¹ *ek*: Hjer kemur sá maður, sem ‚kvæðið er lagt í munn, fram í eigin persónu og kennir heilræði með því að skíra frá sinni eigin reinslu, sbr. 15³, 24⁵. Síðar sjest, að hann er dáinn maður, sem birtist sini sínum í draumi. — 29⁴ *þangat*: þ. e. »til Dómvalds dyra« = til himnaríkis. Faðirinn, sem nú birtist sini sínum á jarðríki, segist

munu hverfa aftur til himnaríkis. — 29⁵: *því*: ɔ: að jeg mætti hverfa þangað aftur. — 29⁶ *krás*: Himnaríki er hjer líkt við dirðlega krás, sbr. Stokkh. Hom. bls. 150¹⁸: *þar* (þ. e. í himnaríki) *eru eilífir fagnaðir ok auðæfi ok krásir* og s. st. 144⁵.

30. Ráð: Varastu sindir: »Gott er vammalausum at vera«. — 30² *sárhryggvir*: Breiting nauðsinleg sakir stuðla-setningarinnar. *sárhryggv* = sárlega hriggur, ‚gagntekinn af sárum trega‘, algengt í nútíðarmáli (sjá Jón Þorkelsson, Supplem. III). Sbr. *sármeiddr* Pétrsd. 6² (F. J. Skjalded. II B 546). — 30⁴ *ægisheimi ór*: ɔ: úr þessum ægilega heimi. — 30⁶ *gott er vammalausum vera*: sbr. Hugsm. 3³: *ok vammalauss vera* (og 123⁶).

31. Ráð: vertu ekki hverflindur (svikull). — 31¹ *Ulfum glikir*: um úlfinn sem ímynd ótriggs mans sbr. Hj. Falk 17. bls. — 31⁶ *þær enar glæddu götur* sbr. 59³ og Hj. Falk 17.—18. bls., P. Kvad 142. bls.

32. Sbr. Hugsm. 2^{1—3}: *Ástsamlig ráð kenni ek þér, minn einkason, mun þú þau eptir öll* og s. st. 103. — 32⁶ *öll — nema*: sbr. Hugsm. 82^{1—3}: *Örr at kenna skallu öðrum gott ok svá nýtt at nema* og 121a⁶, 126³.



Þriðji þáttur, um líf og dauða og annað líf, er kjarni Sólarljóða, einkum kaflarnir um dauðann og lífið eftir dauðann, eins og eðlilegt er í kristilegu heilræðakvæði. Hávamál fara aftur á móti mjög lítið út í lífið eftir dauðann.

Í 1. kafla lísir faðirinn stuttlega lífi sínu, jatar, að hann hafi notið lífsins og skilið nauðugur við það. Síðalærdómur: Lífðu grandvarlega.

33³ *yndisheimi*: fyrir þann sem nítur lífsins, er þessi heimur *yndisheimr*, fyrir þann sem þjáist af hinum hræðilegu afleiðingum sindanna er hann *ægisheimr* (30³). Stokkh. Homiliub. talar um »skammætt yndi syndarinnar« (bls. 51²).

34¹ *vil ok dul*: kemur oftast fyrir, sjá Lex. poet., 2.

útg., undir *dul*; einna ljósast kemur þíðing orðanna fram hjá Hallfredi í Ólafsdrápu 27⁷⁻⁸ (F. J. Skjalded. I B 156. bls.): *vætta virða dróttins vil es mest ok dul flestum*; hjer er tvent sem fer saman sem orsök og afleiðing: flestir vilja (*vil*) fegnir mega vænta konungs (að hann sje á lífi); því dilja þeir sannleikann firir sjálfum sjer (*dul*) — Ólafr er dáinn. Mjög líkt dæmi kemur firir í 1. stafrofsritg. Sn.E. II 22. bls.: *dul væltir ok vil, at lina muni erfíði ok vil*: menn vilja fegnir, að erfíði og vil lina (*vil*), því dilja þeir sannleikann firir sjálfum sjer (*dul*) — erfíði og vil mun aldrei lina (í þessum heimi). Bæði orðin saman tekin — *dul ok vil* — virðast því tákna þá sjálfsblekking (*dul*), sem kemur af því, að menn láta *vil* sína (vilja sinn eða girnd) hafa áhrif á dóm sinn. Þessi merking á ágætlega við á þeim stöðum, sem greindir voru, og eins hjer í Sólarljóðum: Það er sjálfsblekking, sprottin af (fje)girnd, að auðurinn veiti sælu; nei, hann veldur »lóngum trega«. — 34⁴⁻⁵: sbr. Hugsm. 33⁴⁻⁵: *margr verðr aumr, sá er fyr aurum ræðr; ljósir aurar*: (af lit silfursins) sbr. *ljóst Kraka barr* Þjóðólfr Arn. Sexstefja 27⁵⁻⁶. — 34⁶ *apat*: „gert að apa, fíflí“ sbr. Hávam. 75²: *margr verðr af aurum api*; Hugsm. 33⁶: *illt er auði at trúa*; líkt að orðalagi er Hugsm. 52⁶ (sbr. 100⁶): *ef hann hefir aurum amat*.

35³: *þvit ek víska fátt fyrir*: sbr. Hávam. 57⁴⁻⁶: *orlög sín víli engi fyrir — þeim es sorgalausastr sefi*, og Hugsm. 121¹⁻³. — 35⁴ *dvalarheim*: „heim sem maður á að eins stundardvöl í“, „stundlegan heim“.

36¹⁻² *lútr ek sat, lengi hölluðumk*: virðist tákna birjandi sjúkleik, sbr. 40³ og 41³. — 36⁶ *frammi*: = „frammi firir“ (hinum feiga), „fram undan“ (sbr. Hamðism. 18¹: *fram lágu brautir*); fram táknar hjer stefnuna til heljar, sbr. Skirnismál 12¹⁻²: *Hvært est feigr, eða estu fram genginn*, Sig. sk. 52⁴: *þá es ér fram komið, og framsfarinn, framliðinn* = dauður.

Í öðrum kafla lisir mælandinn helstriði sínu og sjerstaklega hinu síðasta æfíkvöldi, þegar hann sá sólina

ganga í ægi í hinsta sinn. Í þessum kafla felst sú áminning til lífandi manna »at láta sér eigi ór hug ganga andláts dægr sitt« (Stokkh. Hom. bls. 142²⁷, sbr. 192¹⁹).

37¹ *Heljar reip*: þau hönd sem draga til Heljar (dauða), líklega er átt við sjúkdóma. *Hel* stendur hjer á takmörkunum milli þíðinganna ‚dauðagiðja‘ og ‚dauði‘. — 37² *hardliga*: á víst við *sveigð*. — 37⁶ *lauss*: ‚óbundinn‘, sbr. Baldrs draumar 14⁵, Fáfnism. 8⁶; mælandinn minnist þess, hve honum var ljett um vik, meðan hann var heill heilsu.

38² *alla vegu*: sjá við 18². — 38⁴ *Heljar meyjar*: þernur Heljar eða dauðans, finst mjer eðlilegast að skilja sem persónugervinga sóttla eða sjúkdóma (sbr. *Heljar reip* 37¹). Samskonar líking finst hjá Lukianos, Charon 17. kap. — 38⁴⁻⁶: jeg tek saman: *er Heljar meyjar* (sjúkdómar mínir) *buðu mér hrolla-heim á hverju kveldi*; *hrolla* er eignarfall flt. af *hrollr*; *hrolla-heimr*: sbr. *ægisheimr* (30³), *yndisheimr* (33³): þegar maður kvelst af angist út af sindum sínum, þá er þessi heimur honum *ægisheimr*, þegar hann nitur unaðsemma lífsins, þá *yndisheimr*, og þegar hrollur fer um hann af hræðslu við dauðann, þá er heimurinn honum *hrolla-heimr*; *bjóða ehm hrolla-heim*, sbr. *bjóða ehm ógn* o. fl. lík dæmi hjá Fritzner² undir *bjóða* 1. Í 6. visuorði er leiðrjettingin nauðsinleg, til þess að kveðandi haldist (sbr. við 20³).

39—45: Við niðurlag 38. erindis (*á hverju kveldi*) hnitir nú mælandinn lísingu á síðasta kvöldinu, sem hann lífði, í 7 erindum, sem öll birja á *Sól ek sá*.

39² *sanna dagstjörnu*: líkt ok engilsaxn. *dægsteorra*, fornháp. *tagastern* virðist *dagstjarna* eiginlega tákna morgunstjörnuna, sem boðar daginn, og kemur firir í þeirri merkingu í Alex. s. 161. bls. (Hj. Falk 22. bls.). Enn hjer á morgunstjarnan ekkert erindi. Eftir sambandinu getur dagstjarnan ekki verið annað enn sólín; höf. hefur þó víst þekt hina merkinguna, enn bætir við *sanna* til að gefa í skín, að sólín, sem skín á daginn, enn ekki morgunstjarnan, sje hin eina sanna dagstjarna. — 39³ *drúpa dynheimum í*: *drúpa* = lúta, slúta, hneigjast (að sólar-

lagi) með döpru bragði (því að í *drúpa* felst einnig sorg); með þessu orði er gefið í skin, að sólin — eða sá sem á hana horfir, því að það sem sjest er komið undir augunum sem sjá — kunni ekki vel við sig »*dynheimum í*«, þ. e. í þessum jarðneska heimi (= *alda heimi* 41⁶) með öllum hans glaumi og hávaða, sem berst að eirum mælandans, þar sem hann liggur á banasænginni, enn »á *annan veg*« heirir hann Heljar grind þjóta — hann er »á milli heims og heljar«. Þetta »á *annan veg*« um dauðra ríkið mælir sterklega með, að *dynheimar* tákni þennan heim (sbr. nöfnin *ægisheimr*, *ynðisheimr*, *hrollaheimr*, sem laga sig eftir því, hvernig á stendur í hvert skifti). — 39⁴ *Heljar grind*: hugmindin og nafnið er tekið úr norrænni goðafræði, sbr. Sn.E. I 40. og 178. bls. og Fornaldars. I 437. bls. (*hnigin er Helgrind*); *nágrindr* Skírnism. 35³, Lokas. 63⁶. Enn þó stíðst þetta meðfram við bifliustaði, sem tala um »hlið dauðans« (Jobsbók 38, 17, Sálmannir 9, 14 og 107, 18) eða »hlið Heljar« (Matth. 16, 18). Hjer hlítur að vera átt við innganginn að dauðra ríkinu alment, ekki sjerstaklega við hlið helvítis.

40² *setla dreyrstöfum*: þiðir ekki »blóði stokkna« (Falk); *dreyrstafir* táknar hjer ekki annað enn hina dreirrauðu geisla kvöldsólarinnar (sbr. 42⁶); þetta stendur í nánú sambandi við næsta vísuorð (40³): sólarlagið, sem mælandi lísir, er um leið æfi-sólsetur hans. — 40³: sbr. 36² og 44³. — 40⁶ *frá því er fyrri var* = ,frá því sem mjer leitst hún vera áður': augu mælanda opnast firir því, sem hann hafði ekki athugað áður, að sólin er máttug — enn mátt sinn hefur hún frá guði (41²⁻³).

41²⁻³ *svá þótti mér, sem ek sæja göfgan gud*: þessi orð sína og sanna, að »sól« í hinni margendurteknu setningu *sól ek sá* er ekki hugsuð sem neinn persónugerv-ingur, heldur er hún blátt áfram hin náttúrlega sól, himinlíkaminn, enn hún minnir mælandann á »*göfgan gud*«; hann sjer í henni vott um almætti guðs (40⁴⁻⁶) og gæsku, og það huggar hann í helstriðinu. — 41⁶ *alda heimr* = manna heimur, stundlegur heimur. (sbr. *dynheimar* 39³).

42³ *vælki víta*: sbr. Fms. VII 172¹⁷: hann þóttist nær

ekki víta fyrir hræzlu; þiðir eiginlega ,vera meðvitundarlaus', hjer líklega nokkurn veginn sama og ,vera höggdofa eða utan við sig' (af undrun). — 42⁴ *Gylfa*: Besta hdr. (AM. 166 b 8^o) hefur *Gylfar*, hinir leshættirnir eru auðsjáanlega ekki annað enn afbakanir af því. Þetta *Gylfar* er að minni higgju annaðhvort beint ritvilla firir *Gylfa*, eignarfall af *Gylfi*, eða önnur mind sama eignarfalls, dregin af annari beigingu (heteroklitisk mind)¹⁾, eins og nefnifallið væri *Gylfr* (*Gylfir* kemur firir t. d. í Konráðs rímum VIII 49¹ og *Gylfra völlr* er sjórinna kendur í Ólafsrímum B III 2⁴ [F. J. Rímnasafn I 196. bls.]). Með því móti fæst mjög einföld og eðlileg skíring: *Gylfa(r) straumar* er ,hafsið', kenningin samsett í líking við *Gylfa röst* hjá Þórði Særekss. (hvort sem *röst* er þar haft upphaflega í merkingunni ,land' eða ,straumur') — annars kemur *Gylfir* beinlínis firir í þiðingunni *sjór* í gömlum rímum (slengt saman við *Ægi*), sjá K. Gísl. Efterl. skr. II 200. bls. — 42⁵ *grenjuðu*: um brimhljóðið, sbr. Bisk. II 49¹⁹: *bodaföll grenja á bæði borð*; á *annan veg*: uppi, rjett firir ofan hafflötinn, geislar sólin; »á *annan veg*«, niðri, undir sólinni, grenjar hafsið. — 42⁶ *blandnir mjök við blóð*: þ. e. með hinu rauða litaskrauti sólarlagsins (sbr. 40²).

43¹⁻³ *Sól — skjálfandi*: = jeg sá sólina skjálfandi á sjónum. Mælandinn heldur áfram sólarlags-lisingunni. Áðan sást sólin ljóma rjett firir ofan hafflötinn, nú hvílir hún á hafsfletinum — og sinist skjálfa á honum, enn svo sinist flestum, þegar þeir horfa í sólina um sólarlagið. Orðin á *sjónum* standa í öllum handritum, og staðfesta þau til fulls skíringuna á *Gylfa straumar* í firra erindi. — *hræzlu-fullr ok hnippinn*: þegar hann sjer sólina skjálfa í niðurgöngu sinni, minnst hann þess, að hann á örskamt eftir, og fer sjálfur að skjálfa af hræðslu við sindir sínar, að þær dragi hann til glötunar, sbr. Stokkh. Hom. bls. 168³⁴: *Nú þarf hverr sér at ugga ok vera hræddr of sik, því at hann veit eigi hvat eptir kemr; hitt er sjnt at eptir illa atferð mun ilt koma, ef eigi verðr hér bælt innanheims í*

1) Sbr. Surla við hliðina á Surtar.

skriptum ok i iðrun. — 43⁴⁻⁶: Hjer er átt við *contritio cordis*, sundurkramning hjartans, sem er undanfari iðrunarinnar, sbr. Sálm. 51, 19 (Vulg. 50, 19): *sundurmarid og sundurkramid hjarta (cor contritum et humiliatum* Vulg.) *munt þú, ó Guð, eigi firirlita.* — *i sega:* (af *segi* karlk.) = i smástikki.

44² *hryggvari:* hjer er bersínilega átt við »brigð til iðrunar«, »Guði að skapi«, sem »verkar asturhvarf til hjálpræðis«, sbr. 2. Kor. 7, 9–10, og gefið i skin, að mælandinn hafi iðrast á síðustu stundu. — 44⁴⁻⁵ *tunga* — *til trés metin:* eiginlega ‚metin jafngildi trjes‘ (sbr. *meta til þriðjungs pennings* Dipl. Norv. IV 328), þ. e. stirð sem trje. — 44⁶ *at:* ɔ: að tungunni; líkaminn kólnar smátt og smátt að utan inn á við að tungunni. — *utan:* með stuttum hljóðstaf i firra atkvæði; ingri mind firir *útan*, sjá Finnur Jónsson, Skjaldesprog 122. bls.

45⁴⁻⁶ Sambandið bendir til, að þau *vötn*, sem hjer eru nefnd, sje sama og kallaðir eru *Gylfa straumar* i 42. og *sjór* i 43. erindi; því getur varla komið til mála, að hjer sje að ræða um fjalla-vötn, vötn á fjöllum uppi. P. (Kvad 146. bls.) hefur, að því er jeg higg, skilið rjett orðin *luktust fyrir mér saman*; þau þíða sama sem *hurfu sjónum mínum* (eiginl. runnu saman i einn púntk til að sjá), sbr. Landn. 1843, bls. 29¹⁰: *en er upp lauk firðinum*, Egils s. F. J. k. 27, 20: *en er þeir sá firðinum upp líka*, um hið gagnstæða. Enn sje þetta rjett, virðist ljóst, að »fjalla« i hðrr. er ekki annað enn nírrí ritháttur firir *fjarla*, þ. e. ‚i fjarska‘, ‚langt burtu‘. Um ritháttinn sbr. 4⁶ og *valla* firir *varla*. Annars kemur »fjalla« = *fjarla* firir i Stokkh. Hom. 116¹² (*eigi fjalla* = ‚nær‘), og þar er einnig ritað *valla* firir *varla* á bls. 12¹⁴. Hugsunin virðist vera: Þegar sálin er skilin við líkamann (»kölluð frá kvötum« 45⁶), »hverfur« hún út i himingeiminu svo langt, að sjórinn eða fjörðurinn, sem sást frá banasænginni, líkst saman og hverfur sjónum hennar i fjarska. Þessu er nákvæmar list i næsta erindi.

46¹ *Vánarsjarna:* er víst rjett skírt af P. Kvad 146: »stjarna vonarinnar, sem flígur burt frá brjóstinu, er

sálin, sem skilur við líkamann og vonar að verða sæla. — 46² *þá var ek fæddr:* dauðinn er hjer skoðaður sem fæðing til annars lífs, sjá P. Kvad 146–147. Sbr. Beletus, De divin. off. 4. k.: *Natalis vel Natale vel Natalicium vocatur sanctorum ex hoc sæculo commigratio, quia ut sæculo et mundo moriuntur, ita tunc cælo nascuntur* (tilvitnunin tekin eftir Du Cange u. Natalis). — 46⁴ *háttat* = *hátt þat*, ‚fremur hátt‘, sbr. *líttat* firir *lítt þat*, *léttr sá*, *litinn þann* (Fritzner² u. sá 7, bls. 156a).

I 3. kafla hættir mælandinn um stund að segja frá sálunni, enn snir máli sínu að meðferð líkamans eftir dauðann.

47² *nótt:* þetta orð bendir til, að hjer sje átt við þann sið að *náttsetja* líkið, þ. e. búa um það, þar sem það átti að standa uppi firstu nóttina eftir andlátið, og fá prest til að vaka og lesa bænir ífir því með ættingjunum; þetta var nefnt *náttvaka*, *náttset (-setr)*, *náttseting* (sjá Fritzner² og Glossar Hertzberg's við Norges gl. love undir þessum orðum). — 47³ *strám:* þ. e. *nástrám* eða *líkstrám*, sem haft var undir manni i banalegu hans eða líkinu, meðan það stóð uppi (sbr. áðurnefndar orðabækur). — 47⁴ *merkir þat:* = sínir það sig (*þat* er þolfall). — 47⁵⁻⁶: *er mælli guð* — *samr:* 1. Mós. 3, 19: (guð segir við Adam) því að mold ert þú og til moldar skaltu astur hverfa; *samr moldu* = samur (sama) sem mold, sbr. Nygaard, Norr. Syntaks § 103 g (og *jafn*, *líkr* með þágufalli).

48² *virki:* hjer líklega = ‚kærleiksriki‘, annars getur *virkr* líka þitt ‚kær‘. — 48⁴ *munadarlausir:* ‚sem ekki er sínt ástriki af öðrum‘; *munadr* (*munuð?*) virðist hjer haft um kærleik af hálfu skildmenna; nú er *munadarlaus* haft um einstæðinga ‚sem engan eiga að‘, einkum um fátæk börn, föðurlaus og móðurlaus. — 48⁵ *fara:* = fara burt, deija. — 48⁶ *þót* — *skili*, þ. e. þó að þeir eigi eftir skildmenn á lífi, þegar þeir deija. — Mælandinn virðist kvarta ífir því, að sínir nánustu ættingjar hafi ekki sínt sjer nóga ræktarsemi við náttvökuna.

49. er. tekur stuttlega fram þann siðalærdóm, sem

felst í 3. kafla: Bigðu ekki sæluvon þína á firirbænum annara (48) nje á auð þinum — hann filgir þjer ekki í gröfina (49⁴⁻⁶) — heldur að eins á sjálfum þjer, þinum eigin góðverkum. — 49¹⁻²: sbr. Hugsm. 95a (F. J. 78): *sinna verka skal seggja hverr laun með leigum taka.* — 49³: sbr. Hugsm. 1³: *ok góð verk gera.* — 49⁴ *auði frá* = fjarri auði mínum. — 49⁵ *er*: virðist vera alveg ofaukið, sbr. 50⁵ og 51⁵. Dæmi úr Eddukvæðunum telur Gering í Wörterbuch zu d. lied. der Edda undir *es* 1 (220⁸⁸), og í gömlum rímum kemur það oft firir, t. d. í Grettis rímum II 20¹, 36¹, 52¹, VII 34¹ (*ed* = *er*), 54¹, VIII 53¹, 60¹ (*ed*). — 49⁶ *sandi orpin sæng*: þ. e. gröfin.

Í 4. kafla hverfur mælandinn aftur að sálinni. First er almenn hugleiðing um það, hve nauðsinlegt sje að hreinsa sig af sindum þegar í þessu lífi (50). Þá segir frá veru sálarinnar í hreinsunareldinum og lausn þaðan (51) og loks frá birjun feiðarinnar um »sigrheima« (52).

50¹ *Hörundar hungur*: holdsins list (*hörund* hjer kvennk.). — 50³ *margr*: með því á mælandinn sjerstaklega við sjálfan sig (sbr. *mér* 50⁵). — 50⁴⁻⁶: hugsunin er: (meðan jeg þjáðist af hörundar hungri, þá) var »lauga vatn« mjer leiðast eitt allra hluta; *lauga vatn* táknar þá hreinsun af sindum, sem fæst með iðrunartárum; Stokkh. Hom. talar um, að vjer skulum »skíra hugskot vor í tárum« (bls. 60²²) og »þvo í tárum sinda flekka af öndum vorum« (bls. 102¹⁶). Sbr. P. Kvad 147. bls., Hj. Falk 28.—29. bls. — 50⁵ *er*: virðist ofaukið, sjá við 49⁵. — 50⁶ *eitt*: herðir á merkingu orðanna (= langleiðast allra hluta).

51¹ Á »norna stóli« halda þeir P. og Hj. Falk að sje sama og ,á banasænginni', enn það getur ekki verið rjett, því að banalegunni er þegar list nákvæmlega fir í kvæðinu. Mælandinn tekur hjer auðsjáanlega upp aftur þann þráð, sem hann slepti í 46. erindi. Þar var sagt frá að sálin flaug burt úr líkamanum rjett eftir dauðann og *settist hvergi*, svo að hún mætti hvíld hafð. Hjer *situr* hún — á »norna stóli«, hjer er hún komin í kirð. »Norna

stóll« virðist því ekki geta táknað annað enn hinn firsta samastað sindugrar sálar eftir dauðann, enn það er eftir hugmindum kaþólskra manna *hreinsunareldurinn*. Ef svo er skírt, þá verður líka þetta erindi beint áframhald af hugsuninni í 50. erindi, og stíður það skiringuna. Þar var sínt, hve nauðsinlegt væri að hreinsa sig af sindum þegar í þessu lífi og að mælandinn hefði ekki gert það. Bein afleiðing af því er það, að sál hans verður að dvelja um stund í hreinsunareldi til að hreinsast af sindum. Líka kemur það vel heim, ef »norna stóll« er hreinsunareldurinn, að þegar sálin losnar þaðan, þá birjar þegar langferð hennar um »sigrheima«, sem loks endar í paradís. Þá er enn, að ef »norna stóll« ekki táknar hreinsunareldinn, þá fæ jeg ekki betur sjeð, enn að Sólarljóð geti hans hvergi að neinu, því að lísingin á þislum ranglátra í næsta kafla er auðsjáanlega lísing á kvölum helvitis, enn ekki hreinsunareldsins, eins og Hj. Falk virðist halda fram. Enn það væri mjög undarlegt, ef ekki væri minst einu orði á hreinsunareldinn í öðru eins kvæði og þessu. Jeg tel því vafalaust, að »norna stóll« tákni hreinsunareldinn. Enn orðin eru óljós og ervitt að segja, hvernig höf. hefur hugsað sjer þetta. Á því getur þó ekki leikið neinn efi, að höf. hefur hugsað sjer þessar nornir sem vondar tröllkinjaðar verur (sbr. *gýggjar sól* rjett á eftir), og var hann þar í fullu samræmi við þjóðtrú sinna tíma, sem gerði allar heiðnar vættir að tröllum, enda getur verið, að Völuspá 8⁵⁻⁸ hafi vakað firir honum og að hann hafi haldið að þær 3 *þursa meyjar*, sem þar er getið, væri sama sem þær *þrjár meyjar*, nornirnar, sem Vsp. 19 segir frá. Líks eðlis eru síðar í kvæðinu Njarðardæturnar níu. Þær bera sumar tröllkvenna nöfn, og ef getgáta Rasks við er. 76⁴ hefur hitt hið rjetta, sem líklegt þikir, þá rennur *norna dreyri* úr nösum þeim (sjá athugasemdir mínar við þann stað og IV. þátt allan). Nú mun jeg síðar sína, að Njarðardæturnar eru persónugervingar *höfuðsinda*. Og sjeu þær hugsaðar sem ein sjerstök tegund norna, virðist hið almenna hugtak *nornir* geta táknað sindir ifir höfuð. Hugmindina til þessarar líkingar

hefur höf. ef til vill fengið úr Sigurðar kv. sk. 7⁵⁻⁶: *ljótar nornir skópu oss langa þrá* (sbr. Sólarl. 77^o á *þráreipum*), og má vera, að hann hafi munað eftir setningunni: *Nornir heita þær er nauð skapa* (Sn.E. I 557. bls.). »Norna stóll« virðist því geta verið = sinda stóll. Enn hvað þiðir stóll? Þess ber að geta, að Dante skoðar það sem hann kallar Purgatorio engan veginn sem eitt samfelt eldhaf, heldur sem stórt og hátt fjall með ímsum vistarverum. Hann hugsar sjer, að fjall þetta gnæfi hinumegin á jarðarhnettinum andfætis við Jerúsalem og að upp eftir hlíðum þess liggi 7 hringar eða belti, hvert upp af öðru, enn efst á tindinum, sem er hærri enn nokkurt annað fjall á jarðriki, sje hin jarðneska paradís. Í hverju belti eru sálirnar hreinsaðar af einhverri sjerstakri sind, og því eru þau jafnmörg og höfuðsindirnar — þær eru 7 hjá Dante — í första belti er hreinsað af ofmetnaði, í öðru af öfund osfrv. Nú er að vísu mart í lísingu Dantes á hreinsunarstaðnum¹⁾ skapað af ímindunarafli hans, enn megiðrættirnir munu þó vera teknir eftir almennri þjóðtrú kaþólskra manna á hans dögum. Því virðist mega gera ráð fyrir, að höf. Sólarl. hafi hugsað sjer hreinsunarstaðinn sem fjall. Enn getur stóll þitt fjall? Vist er það, að orðin *stóll* og *sæti* koma fyrir sem síðari liður í fjallanöfnum íslenskum, t. d. *Tindastóll*, *Loðmundarsæti*, *Prasasæti*, *Meyjarsæti*. *Nornastóll* virðist vera örnefni, mindað í líking við *Tindastóll* til að tákna fjallið, þar sem sindirnar eru hreinsaðar af sálunni. Er það nú tilviljun, að sálin situr á *Nornastóli* í *niu daga*, jafnmarga og Njarðardæturnar, þ. e. höfuðsindirnar, eru taldar síðar í kvæðinu (79), og að talan *niu* kemur hvergi fyrir í Sólarl. nema um þetta tvent? Er hjer ekki beint gefið í skin, að höf. hafi hugsað sjer 9 vistarverur (belti?) á sindahreinsunarfjallinu, eina fyrir hverja tegund sinda, og að sálin dveldi eina nótt í hverju belti? Jeg læt þetta liggja milli hluta, enn eitthvert samband hlítur hjer að vera á milli. Annars

1) Þetta er rjettari þiðing á Purgatorio enn 'hreinsunareldur'.

má bera saman Hávam. 138^o — þar er Óðinn látinn hanga *nætr allar niu* á »*vindga meidi*«. — 51^o á *hæst*: svo hef jeg ritað (*e* og *æ* er oft ruglað saman í gömlum hðrr.); þiðing: 'á hæsta tind Nornastóls' — eftir niu daga er sálin loksins komin upp á tindinn. Dvölin í hreinsunareldi er alveg óákveðin eftir kaþólskri trú, getur verið bæði löng og stutt, og fer það eftir tilgerðum mansins og eftir firirbænum þeirra, sem eftir lifa, sálumessum osfrv. Skírendurnir hafa verið í mestu vandræðum með »*á hest hafinn*«. Flestir halda, að hjer sje talað um »helhestinn«, sem sálin sje látin riða á um sigurheima (svo Hj. Falk 29.—30. bls.). Enn P. tekur rjettilega fram, að sálin þurfi engan hest, hún fligur sjálf um geiminn (46). Sjálfur heldur P., að hjer sje átt við flutning líksins á hesti til grestrunar frá heimilinu til kirkju, eins og hann tíðkast á Íslandi (P. Kvad 148. bls.). Enn það nær engri átt. Frá grestruninni er búið að segja (49), og hjer ræðir um sálinu, enn ekki líkið. — 51⁴⁻⁶: lísing á hinni ömurlegu útsjón frá tindi Nornastóls. Sólarljóðahöf. hugsar sjer auðsjáanlega ekki, eins og Dante, að þar sje hin jarðneska paradís. — *gýggjar sól*: minnir á urðarmánann í Eyrb. 52. k. og er líklega hugsuð sem nokkurs konar undirheimasól — höf. virðist hugsa sjer fjallið einhvers staðar í undirheimum, ekki hjer á jarðriki eins og Dante, enda getur sú hugmind hjá Dante ekki verið alþiðleg, því að hún stiðst við skoðanir lærðra manna á hnattlögum jarðar. — 51⁵: *er ofaukið*, sjá við 49⁵. — 51⁶: *ór skjýjum skýdrúpnis*: orðaröð breitt til þess að kveðandi haldist (sbr. við 20^o); verið gæti þó, að »*skjýjum*« hefði verið framborið í einu atkvæði: *skjóm* (sbr. *skjóltr* f. *skýjóltr*, *bjóm* f. *býjum*, sjá Noreen, Altn. grt.³ § 127 b), og þá þirfti ekki að breita röð orðanna; *skýdrúpnis* virðist helst liggja á bak við hina margvíslegu leshætti, og er það (*skýdrúpnir*) ekki óeðlilegt himinsheiti um skjajaðan himin (eiginl. 'sá sem drúpir skjújum', 'sem skí drúpa eða slúta niður frá'), sbr. himinskennigarnar *skýrann*, *skýtjald* o. fl. Bugge bjó sjer sjálfur til orðið *skindrepnir* út af skiringu Hervarars. við gátu Gestumblinda um þokuna (Herv. s.

útg. Bugges 239. bls.): *hann* (∴: *myrkvi*, þ. e. þoka) *drepr skini sólar*, og vildi setja það hjer inn; enn það orð, ef til væri, gæti eftir sjálfri gátuskíringunni ekki þitt annað enn „þoka“; hvernig menn geta fengið út úr því þíðinguna „næturhimin“ er mjer alveg óskiljanlegt.

52. er. segir í almennum orðum frá þeirri ferð, sem nú birjar um »*sigrheima*«, þ. e. þá heima sem lúta hinu sigursæla valdi guðs eða Krists; *sigr-* gefur orðinu kristilegan blæ og greinir það frá heiðnum »*heimum*«, t. d. þeim, sem getið er um í Völuspá 2 og Vafþrm. 43 (sbr. Hj. Falk 31. bls.); *sigrheimar* gripur því ífir helvíti og paradís og þá heima sem þar eru á milli, 5 að tölu, því að heimarnir eru als sjö. Í 2 næstu köllum kvæðisins eru greindir nánar tveir þættir úr þessari ferðasögu sálarinnar um *sigrheima*. Um *sjö heima* tilfæra þeir P. (Kvad 149. bls.) og Hj. Falk (31. bls.) ímsa líka staði úr kristilegum miðaldaritum, sbr. einnig Kautsch, Die apokryphen und pseudepigraphen des Alten Testaments II 218. bls. neðanmáls. — 52⁴⁻⁶ sbr. Hávam. 106⁴⁻⁵: *yfir ok undir stóðumk jölna vegir*.

Í 5. kafla segir sálin sjerstaklega frá því, sem hún sá á langferð sinni í »*kvölheimum*«, þ. e. helvíti.

53⁴⁻⁶: þetta gerist auðsjáanlega í dirum helvítis eða rjett firir innan þær, því að það er hið firsta, sem sálin sjer. Sálirnar eru víst ekki sálir fordæmdra — þær koma síðar — heldur sálir, sem hafa sloppið úr hreinsunareldinum um leið og sál mælandans og eiga samleið við hana »um sigurheima«. Þær eru *sviðnar*; með því er beint gefið í skin, að þær sjeu níkomnar úr hreinsunareldinum, og staðfestir þetta skíring mína á 51. og 52. erindi.

54² *Vánardreka*: *Ván* er eiginlega árheiti; sjerstaklega segir Sn.E. I 112. bls., að svo hafi heitið á sú, sem mindaðist úr slefu Fenrisúlfsins, og Grímnismál telja *Ván* með þeim vötnum, sem »*falla gumnum nær en falla til heljar hedan*«. Í kenningum er *Ván* haft alveg eins og það þíddi sama sem *vatn* eða *haf* (sbr. Plácitusdrápu 2⁵⁻⁷:

Vánar log = eldur vatns eða hafs = gull, s. st. 9⁴: *frán-skið Vánar* = skip), og sama þíðing held jeg að hjer liggi firir: *Vánardreki* virðist vera hafsdrekinn Leviathan, sem getið er um í Sálm. 104, 25—26: *Par er hafsið mikið og vilt á alla vegu . . . þar fara skipin um og Leviathan, er þú hefur skapað til að leika sér þar*, sbr. Ezech. 32, 2: *draco qui est in mari* (Vulg.) og Jobs bók 41, 1. Þó vil jeg als ekki fortaka, að höf. hafi hjer meðfram haft Heljarfljótið *Ván* í higgju, er hann gaf hafsdrekanum þetta nafn (sbr. Hj. Falk 33.—34.); *dreka* er þolfall eintölu. — 54³ *fell* = ljet fallast, settist. — *Glævaldr*: virðist vera nafn, eða rjettara sagt íslensk þíðing, á *Lucifer*, mindað af *glær*, adj., „gljáandi“, „ljómandi“ (sbr. *glær*, „sjór“, sem eiginlega er sama orðið og *glær*, adj., og þíðir upphaflega hinn gljáandi hafflöt, enn fremur norska lísingarorðið *glæ*, „gulbleikur“) og *-valdr* (sbr. *Dómvaldr* 29³, *Sævaldi* 9²). *Lucifer* þíðir eiginlega „morgunstjarna“, enn sjekk síðan merkinguna „djöfull“ af því að menn misskildu orð Esaiasar í k. 14, 12: *Quo modo cecidisti de caelo, Lucifer*, sbr. Lúk. 10, 18. Hið íslenska nafn hans *Glævaldr* er ágætlega valið, því að það »ljós« (*lux*), sem hann veldur, er að eins gljai á ifirborðinu, með öðrum orðum hjejómi. Í írsku leikriti um sköpun heimsins segir Lucifer: »Jeg er líkur skínandi eldi« (Bugge, Studier 77. bls.). Mariu s. 559. bls. segir um hann, að hann lokki menn »i þann eld ok bruna er stendr án enda«. *Glævalds gata* er því eflaust sama sem kallað er annars staðar í kvæðinu *enar glæddu götur* (31⁶ og 59³). Þar situr Glævaldr og glæðir götuna og þar setst Vánardreki niður hjá honum. — 54⁴⁻⁶ málar hræðslu sálarinnar (*þótti mér*) við djöflana; þeir fær nú sína rjettu þíðing, vísar til Vánardreka og Glævalds; áður voru menn í mestu vandræðum að skíra fleirtöluna.

Þessa skíring á þessu erindi setti jeg fram við læri-sveina mína 1913. Hún kemur heim við skíringar P.'s og Hj. Falks um það, að *Vánardreki* tákni djöful, enn leið okkar að þeirri niðurstöðu er frábrugðin. Skíring Falk's nálgast þó talsvert mína. P. heldur að djöfullinn sje kall-

aður *vánar dreki*, af því að hann »vonar að klófesta sá-
ina«; það finst mjer of langt sótt.

55¹ *Sólar hjört*: jeg er samdóma P. og Hj. Falk um,
að Sólar hjörturinn er Kristur, og svo skirði jeg 1913. Í
Plácítus s. Hms. II 194—195 birtist Kristur Plácítusi í
hjartar líki og ljómar »*krossmark sólu bjartara*« milli
horna dírsins. Fleiri staði úr miðaldaritum þessu til
stirkingar tilfæra þeir P. Kvad 151. bls. og Hj. Falk
34.—35. bls. — 55³: ef leshætti handritanna (*hann teymdu
tveir saman*) er haldið, þá er engin önnur leið, úr því
Sólarhjörturinn er sjálfur Kristur, enn að »*tveir saman*«
sjeu hinar tvær persónur þrenningarinnar, faðirinn og
heilagur andi. Svo skíra þeir P. og Hj. Falk staðinn, og
svo skirði jeg 1913, jafnvel þó að mjer þætti það ganga
hneixli næst hjá skáldinu að láta föðurinn og andann
»*teyma*« Krist, eins og hann stæði skör lægra í þren-
ningunni enn hinar persónurnar. Leiðrjetting mín hreinsar
þennan blett af Sólarljóðaskáldinu. Það er auðskilið,
hvernig afbökunin er til komin. Í frumhandritinu hefur
staðið: *hann teymði .ij. saman*, talan skrifuð með róm-
verskum tölum, eins og vant er; svo hefur afritari mis-
lesið *tveir* firir *tvá* úr tölunni — hún getur þitt hvort-
tveggja — og breitt *teymði* í *teymdu*, því að annars varð
setningin lokleisa. Í setningunni þannig lagfærðri felst þessi
hugsun: *hann* — Kristur einn — *teymði* (þ. e. beislaði
eða batt þá Vánardreka og Glævald) *tvá saman* (þ: þó að
þeir væri tveir saman). *Teyma* stendur hjer í sinni upp-
haflegu merkingu ‚leggja taum við‘ (nú kallað vanalega
‚að hníta upp í‘) eða þiðir ef til vill sama sem ‚að binda‘,
því að *taumr* gæti líka þitt ‚band‘. Höf. virðist hjer hafa
haft í higgju evangelium Nicodemi eða Niðrstigningar sögu
Hms. II 5. bls. (Kristur bindur Satan) og 6. bls. (Kristur
bindur Belzebug). — 55⁴⁻⁶: til samanburðar vísar P. í
St. Hom. 162¹⁶ (sbr. Esai. 66, 1): *himinn es stóll minn en
jörðina hefi ek at fótborði* o. fl. st.

56²: P. og Falk halda báðir, að *niðja* (*Niðja*) *synir*
sjeu englar, sem koma til liðs við Krist, enn skíra ann-
ars orðin hvor á sinn hátt. Jeg álit óþarft að fara út í

þær skíringar þeirra, því að sambandið sinir glögglega,
að niðurstaðan, sem þeir komast að, getur með engu
móti verið rjett. Í fyrsta lagi þarf Kristur engrar hjálpar
við; hann er einfær um að »*teyma*« djöflana (55³). Í
öðru lagi ættu englarnir, ef þeir kæmu til hjálpar Kristi,
að koma í sveit hans, úr sömu átt og hann, enn nú
koma þeir úr þveröfugri átt. Í þriðja lagi er als ekki
gefið í skin, að þeir rjetti Kristi neina hjálparhönd; þeir
virðast ekki koma fram á sjónarsviðið til neins annars
enn að drekka hinn »hreina mjöð úr brunni Baugregins«,
enn sú lísing á verknaði þeirra ber á sjer algerlega heið-
inn blæ, eins og Falk sjálfur tekur fram, og á mjög illa
við, ef hjer er átt við engla. Þessi heiðni blær á lísing-
unni virðist einmitt benda til þess, að hjer sje átt, ekki
við kristnar verur, heldur við heiðingja. Kapólskir menn
gátu ekki trúað því, að góðir menn og grandvarir, sem
höfðu lifað firir kristni, ættu að búa við helvitiskvalir
um alla eilífð, enn hins vegar gátu þeir ekki orðið sálu-
hólpnir, af því að þá vantaði skírnina (sbr. Dante, In-
ferno, Canto IV 31—42). Því hugsuðu þeir sjer handa
þeim sjerstakan samastað kvalalausán í undirheimum, sem
var nefndur *limbus patrum*, ‚bústaður feðra (eða höfuð-
feðra)‘. Hjá Dante er þessi vistarvera heiðinna manna
hinn fyrsti hringur helvítis (Inferno, Canto IV 23—24), og
þar hittir hann skáldbræður sína, Horatius, Ovidius og
Lucanus, heimspekingana Sokrates, Plato o. fl. ágætismenn
heiðna. *Niðjar* virðist hjer tákna ‚forfeður‘, eins og t. d.
í vísunni í Sverris s. 164. k.: *ólíkr ertu yðrum niðjum,
þeim er framráðir fyrri váru*, Hyndluljóð 14 (Bugge 11):
fornir niðjar, Völuspá 15: *langniðjatal* = langfeðgatal o.
fl. st. Í Ragnarsdrápu Braga 3⁶ er Jörmunrekr, faðir
Randvés, kallaður *höfuðniði* sonar síns. *Niðja synir* virð-
ist þiða alveg sama og *niðjar*, sbr. *ýta synir* = *ýtar* 33⁵,
virða synir = *virðar* 34². Sambandið bendir til, að hjer
sje átt við heiðna forfeður. Því held jeg, að svæðið
við *brunn Baugregins*, þar sem sálin sjer Niðja sonu
»drekka hinn hreina mjöð hornum fullum«, sje nokkurs
konar norrænn *limbus patrum*. Líklega hefur höf. hjer

haft í higgju Völuspá 28. er.: *Alt veilk, Óðinn, hvar þú auga falt í enum mæra Mimis brunni; drekk mjöd Mimir morgin hverjan af vedi Valföðrs.* Því liggur nærri að halda, að *brunnr Baugregins* sje Mimisbrunnur og *Baug-regin (-inn?)* = Mimir, enda er þetta forn skiring og nú síðast haldið fram af Hj. Falk 36.—37. bls. Jeg efast þó um, að hún sje rjett. Mjer þikirk ekki líklegt, að Sólarljóðaskáldið hafi sett Mimi, hinn forna jötun, til að ráða fyrir hinum norræna *limbus patrum*. Til þess gat hann varla kjörið annan enn Baldr hinn góða. Og nafnið *Baug-regin (-regin)* hvorugsk. = ,goð' á ágætlega við Baldr, því að hann er beint kallaður ,*eigandi Draupnis*, sem Óðinn leggur á bálið með honum, þegar hann er brendur (Sn.E. I 260. og 176.—178. bls.), enn af Draupni drupu 8 hringar jafnhöfgir niundu hverja nótt. Í Baldrs draumum 6.—7. er. sjest það á spurningu Óðins og svari völnunnar, að bæði baugar og mjödur bíður Baldrs í sölum Heljar (*Hveim eru bekkir baugum sánir, flet fagrliða flóid gulli? — Hér stendr Baldri of brugginn mjöðr, skirar veigar, ligg skjöldr yfir*). Þessi staður virðist sjerstaklega hafa vakað fyrir höf., þar sem hann setur Baldr ifir mjödinn í undirheimum. — *Niðja synir* koma norðan, og er það eðlilegt, ef hjer er um sjerstakan norrænan *limbus patrum* að ræða (part af hinum almenna?). — Talan *sjau* er uppáholdstala í Sólarl.: sigurheimarnir eru sjö (52³), ráðavisurnar sjö (sbr. 32³), sólarvisurnar sjö — og *Niðja synir* sjö. Aðra skiring get jeg ekki gefið á því atriði. — Skáldið hefur ekki hugsað sjer líf hinna heiðnu forfedra í undirheimum sem dapurt eða gleðisnautt; þeir gamna sjer við mjödinn eins og Einherjar í Valhöllu við Heiðrúnardropa (Grímnism. 25). Enn nú hverfur kvæðið að hinum reglulega kvalastað. Hinn norræni *limbus patrum* er 1. »hringur« í helvíli eftir Sólarl. eins og tilsvareandi *limbus* hjá Dante.

57¹⁻³: kirð sú, sem hjer kemst á, er auðsjáanlega hugsuð sem mótsætning við vængjaskak djöflanna í 54. er. og bein afleiðing af því, að Kristur *teymir* þá (55³). Kirðin stendur, þangað til sálin er komin inn í hinn

reglulega kvalastað, þá heirir hún *grimmligan gný*. — 57⁴⁻⁶: *svipvisar konur* eru bersínilega giftar konur, ótrúar mönnum sínum; ef leshætti handritanna er haldið í 4. visuorði (*sinum mönnum*), kemur fram sú hugsun, að hinir saklausu, sviknu eiginmenn eigi að jeta moldina, sem konur þeirra mala, enn það væri hróplegt ranglæti. Sambandið sinir, að hjer hefur frá upphafi staðið orð sem þiðir ,fríðill'. Því hef jeg sett *munum* fyrir *mönnum*, sbr. Hávam. 96³: *vættak mins munar* (um ástmeina) og Baldrs dr. 12⁵⁻⁶: *meijjar es at muni gráta*. Breitingin er væg, því að bæði orðin (*mönnum* og *munum*) má skammstafa alveg eins (sjá Kálund, Palæogr. Atlas, Oldn.-isl. Afdeling, II. Serie X. bls.). — 57⁶: *mölu*: að mala er verk ambátta, sbr. Gróttasöng o. fl. dæmi.

58: framhald um refsing ótrúrra kvenna. Falk heldur, að hjer sje átt við konur, sem fremja tröllskap, enn jeg finn hvergi andað í þá átt í þessum tveim visum. — 58¹ *steina*: o: kvarnarsteina.

59. er. virðist vera um refsing karlmanna, sem hafa tælt konur til líkamslosta. Á það bendir *meiddir*, sem hjer líklega þiðir s. s. ,geltir' (sbr. Sturl.³ I 485¹⁷, 485²¹ [*meiðsl*], 487¹⁰ [*meiðing*], II 217⁴), og *rýgjar blóði roðin*, o: roðin í blóði þess kvennmanns, sem hver hafði tælt — refsingin lagar sig eflir sindinni, »með hinu sama verður mannum refsað, sem hann sindgar með« (Spek. bók 11, 16). *Rýgr* tákna hjer als ekki tröllkonu eða galdra-norn (sbr. við 22³).

60: um refsing þeirra, sem ekki meðtaka hina helgu kvöldmáltíð (*þjónustu*), áður enn þeir deija. — 60²: *moldar gengna*, sbr. Grógaldur 2⁵: *er til moldar er komin*. — 60⁴⁻⁶: *heiðnar stjörnur* — *fáðar feiknstöfum* eru kinjastjörnur líkt og *gýgjar sól* 51⁴, enn um leið tákna þær að sálinnar sje útskúfaðar úr hóp kristinna sálna; þær eru málaðar (*fáðar*) ógurlegum kinjarúnum (*feiknstöfum*), sem skjóta hinum þínu sálum skelk í bringu; í því felst refsing þeirra, því að eftir Elucidarius (Ann. f. nord. oldk. 1858, 163. bls.) er hræðsla ein af níu píslum helvítis (P. Kvad 155. bls.).

61: um refsing öfundsjúkra. — 61²: sbr. Hugsm. 64 (65). — 61⁴⁻⁶: rúnirnar eru merktar á brjósti þeim, af því að þar bjó lösturinn inni fyrir (P. Kvad 155. bls.).

62: um refsing þeirra sem »apast« (gera sig að öpum eða fíflum), er þeir sækjast eftir »þessa heims óheillum«, þ. e. hjegómlegu veraldar glisi, sem leiðir til glötunar; slíkir menn ráfa »villir vegu« (sbr. Hávam. 47⁸) í kvölheimum, af því að þeir viltust frá rjettum vegi í þessu lífi (P.).

63: um refsing ágjarnra manna. — 63² mörgum hlutum: = með margskonar verknaði. — 63³ annars eign: sbr. Hugsm. 14⁴⁻⁵, 43⁴⁻⁵; véla um ehð þíðir annars, að fást við ehð, enn hjer virðist það þíða, að fara sviksamlega með ehð. — 63⁴⁻⁶ Fégjarnsborg virðist tákna sjerstakan samastað (»hring«) fyrir ágjarna menn; Fégjarn sem borgin er kend við er vist Mammon (Hj. Falk 41.—42. bls.); þeir bera birðar af blyi í stað gullsins, sem þeir sóttust eftir; lík hugsun í Draumkvæðinu norska 39. er.

64: um refsing morðingja. — 64³ sbr. 1¹⁻². — 64⁴⁻⁶: eiturdrekar »renna« gegnum brjóst þeirra, eins og sverð þeirra gegnum brjóst þeirra manna, sem þeir drápu. — rendu: sbr. visu Árna Magnússonar um dráp Þorbjargar ysju í Sturl.³ I 407. bls.: þar er brandr við rif rendi rauðr kerlingu snauðri.

65: um refsing þeirra sem vanhelga hvíldardaginn með ónauðsinlegri vinnu; refsingin kemur niður á höndunum, sem unnu.

66: um refsing oflátunga. — 66³ virðask: »virða sig«, þikjast miklir, hreikja sjer, berast á. — Refsingin kemur niður á klæðunum; það bendir til, að hjer sje sjerstaklega átt við »mikillæti« í klæðaburði.

67: um refsing ligara. Mjög lík hugsun í Fjölsvinnsmálum 45. er.: Horskir hrafnar skulu þér á háam gálga slíta sjónir ór, ef þú þat lýgr osfrv.

68: niðurlagserindi pislakans, setur fram í fögrum kjarnirðum síðalærdóm þann, sem í honum felst.

Í 6. kafla segir sálin frá því, sem fyrir hana bar, þegar hún að lokum kom til himnaríkis.

69: umbun þeirra, sem hafa gefið til guðs þakka (til kirkna, klaustra osfrv.). Að þetta efni er sett first, bendir sterklega til, að höf. hafi verið klerkur.

70: umbun þeirra sem gáfu fátækum ölmusu. — 70⁴⁻⁶: textinn hefur ruglast, af því að afskrifarar settu inn himna (af himinn) fyrir ymna; við það raskaðist stuðlasetningin, sem menn reindu að bæta úr með því að setja helgar inn í 4. visuorð. — ymna skript: hjer er vist átt við »engla ymnann« Gloria in excelsis, sem svo er nefndur af boðskap englanna (Lúkas 2, 14), sjá Stokkh. Hom. 122²²: En þá tók fjöldi engla undir síðan ok sungu orð þessi, er nú heitir engla ymni: Gloria in excelsis. — helgar á vist bæði við bækr og ymna skript (nema helgar sje villa fyrir helga?).

71: umbun fyrir föstur.

72: umbun þeirra sem veita vegmóðum ferðamönnum beina. Slíkt þótti vænlegt til sáluhjálpar. Um 1100 stofna hjónin Tanni og Hallfríðr sælubú á Ferjubakka við Hvítá, þar sem mikil umferð var, og leggja svo fyrir, að sá maður, sem þar bít, skuli »ala alla þá menn, er hann higgur til góðs að alnir sjeu« (Ísl. Fornbrs. I 169. bls.). Á Kristbúinu að Keldugnúpi á Síðu skildi »ala alla þurfamenn og þá er fara skildra erinda« (Ísl. Fornbrs. I 201. bls.). Handritin hafa móður í 2. vo., enn það er bersínilega rangt — það er lítilla þakka vert og engra verðlauna í öðru lífi, þó að maður svelt ekki móður sína. Hugsunin hlítur hjer að vera hin sama, sem kemur fram í 1. dæmi, sjerstaklega í 4. erindi, því að þar er orðalagið mjög líkt og hjer, og þar er móðr líka haft í merkingunni, vegmóður.


73: umbun meinlætismanna. — Helgar meyjar sjá við 25. er. — þína sjálfa sik: sbr. Hugsm. 135. erindi.

72. og 73. erindi higg jeg annars hafi ranglega skift um sæti í handritunum. 73. er. (um meinlætismenn) er að efni til náskilt 71. er. (um föstuhald) og á best við næst á eftir því. Hins vegar virðast 72. og 74. er. eiga

að standa hvort á eftir öðru, því að bæði saman koma þau heim við efnið í 1. dæmi Dæmapáttar (um Grepp). Mjög eðlilegt virðist, að röð erinda, sem birja alveg eins, geli raskast.

74: umbun þeirra, sem eru drepnir saklausir. — 74¹ *reiðir*: = vagnar; líklega hefur höf. hjer haft vagn Elíasar og himnaför hans (2. Kon. 2, 11) í huga (P. Kvad 157. bls.). Efnið í þessu minnir á afdrif Grepps í 1. dæmi (6.—7. er.) og Sörla í 5. dæmi (22. og 24. er.).

75: niðurlagserindi kaffans um umbun rjettlátra, bæn til heilagrar þrenningar að »skilja oss alla eimdum frá«, þ. e. leiða oss alla í himnaríkis sælu.



Í Rúnabætti lísir höf. hinu ógurlega valdi höfuðsinda, er hann hugsar sjer sem fordæður (*Njarðar dætr*), og þeim afleiðingum, sem þær hafa firir þá menn, sem beigja sig undir vald þeirra. Siðalærdómurinn, sem allur þátturinn stefnir að, felst í rúnalettrinu um Sváfr og Sváfrloga: Þeir sem drigja höfuðsindir, verða að vörgum í mans líki. Því kalla jeg þáttinn rúnabátt. Hann minnir átakanlega á Rúnatal Hávamála, og higg jeg, að höf. hafi haft Hávamál firir augum, þegar hann rjeð af að hafa líka rúnabátt í kvæði sínu.

Allar þær fordæður, sem nefndar eru í þessum kafla, eru bersínilega sambornar systur eftir eðli sínu og allar hugsaðar sem dætur Njarðar. Að visu eru þær Hringvör og Listvör (í 76. er.) ekki beint kallaðar Njarðardætur, enn nöfn þeirra eru steipt í sama mót og nafn Kreppvarar, sem er talin hin ingsta af Njarðardætrum í 79. er., og bendir það til, að Hringvör og Listvör sjeu tvær af þeim »sjö sistrum«, sem ekki eru nafngreindar í 79. erindi. Að svo sje, verður deginum ljósara, þegar þess er gætt, að sú fordæða, sem talin er næst þeim Hringvöru (í 77. er.), *Óðins kván*, sem *rær á jarðarskipi móðug á munað* (líkamslost, sbr. við 3. dæmi, 10¹), er án als efa engin önnur enn hin norræna Venus, Freyja, sem »líkaði

vel mansöngur« og »gott er að heita á til ásta«, hún sem »snir hugum karla og kvenna til ásta« (Sn.E. I 96. og 114. bls.), hún sem er kölluð »fordæða meini blandin mjög« og hefur ált vingott við hvern einasta af Ásum (Lokasenna 30. og 32. er.); hún er hjer gerð að konu Óðins í stað Friggjar eins og í síðari ritum íslenskum, einkum í fornum rímum: t. d. er gullið kallað *Óðins kvánar* (= Freyju) *hvarma hverr* í Konráðs r. III 5 og í Skiðarímu kemur Freyja beint fram sem kona Óðins og er nefnd *Fjöltnis víf* (sjá Skiðar. 174., sbr. 105., 108. og 112. er.). Sbr. Konr. Gíslason, *Efterl. skr.* II 200. bls. Enn Freyja var dóttir Njarðar, sem kunnugt er. Hún er því ein af þeim »sjö sistrum« sem ekki eru nafngreindar í 79. er., og hlítur þá að ganga sama ífir þær Hringvöru og Listvöru í 76. er.; þær eru líka Njarðardætur. — Í annan stað sjest það glögt á 77³⁻⁶ (*móðug á munað osfrv.*), að Freyja er hjer persónugervingur líkamslost, sem var ein af höfuðsindunum. Enn þá hljóta systur hennar, hinar Njarðardæturnar, að tákna hinar höfuðsindirnar. Svo skírði jeg 1913 og sama hefur P. dottið í hug (Kvad 160.—161. bls.). Höfuðsindirnar vöru oftast taldar sjö (t. d. í Skipan Páls erkibiskups Ísl. Fornbrs. II 750. bls., Leifum fornra krist. fræða, útg. Þorvalds Bjarnarsonar, 159. bls., og í Lilju 77.—78. er.), enn talan var als ekki ákveðin; stundum vöru þær taldar 8 (Stokkh. Hom. 61. bls.), stundum 9 (Alexanders s. 153.—156. bls.), alt upp í 11. Síðastnefndur staður úr Alexanders sögu er til mikillar skíringar öllum þessum kafla í Sólarl., eins og P. hefur bent á. Þar segir svo á 153. bls.: *Úti fyrir helvítis¹) durum ok útan undir borgarveggjunum byggja þær drósir, er yfrit vald hafa hér á jarðriki*. Síðan eru »drósirnar« taldar með latínskum nöfnum og filgja íslenskar þíðingar: *Avaritia* (ágirni), *Superbia* (drambsemi), *Libido* (lostasemi), *Ebrietas* (ofdrykkja).

1) Í hinu latínska kvæði eftir Gautier de Chatillon (»meistara Galterus«), sem Alex. s. er þíð eftir, stendur hjer *Herebi* (þ. e. *erebi* af *erebus*, undirheimar, helvíti).

Gula (offylli), *Ira* (reiði), *Proditio*¹⁾ (*lymska*), *Detractio* (áleitni), *Adulatio* (óeinurð). Höf. Sólarl. virðist hjer beint hafa haft firir sjer þennan stað í Alex. s. eða hinu latínska frumriti hennar. Hann gerir »drósirnar« að dætrum Njarðar, auðsældargoðsins heiðna, því að auðurinn er undirrót ágirndarinnar, enn ágirndin er »rót alls ills«, móðir allra annara sinda (1. Tím. 6, 10).

76¹⁾: Hjer vantar stuðil. Bugge (og Hj. Falk) vilja bæta úr með því að rita: *Ljúgvör og Listvör | sitja í Læviss dyrum*, enn það er að irkja upp visuna. Jeg rita *Hringvör*, sem stuðlar við *Herdis*, enn er þó í vafa, hvort jeg hef hitt hið rjetta. Firri liðurinn gæti verið dreginn af *hring*, sverð, og táknaði þá ófrið eða stirjöld. Óvist er, hverja af höfuðsindunum *Hringvör* tákna, ef þetta er rjett; það gæti verið reiðin, því að hún veldur ófriði, gæti líka verið *detractio*, rógburður, því að róg og stirjöld eru að fornu skildar hugmindir. Annars er manndráp talið með höfuðsindum í *Elucidarius* (fotol. útg. 32. bls.), og liggur það í rauninni næst. Síðari liðurinn *-vör* er dreginn af tröllkvennaheitum (*Fjölvör, Leirvör, Svivör* o. fl.). — *Listvör* virðist dregið af *list* í merkingunni, vjelar, svik (svo Hj. Falk), og væri *Listvör* þá nafn á þeirri höfuðsind, sem Alex. s. kallar *Proditio*. Enn af því að *list* kemur varla firir í þessari merkingu, held jeg heldur, að nafnið sje afbakað firir *Lymskvör*; hafi það verið skrifað *Lýscvör* í frumhdr., lá nærri, að 17. aldar afskrifarar læsu úr því *Listvör*; sbr. *lymska* = *Proditio* í Alex. s. — 76²⁾ *Herðir* virðist tákna þann sem herðir hjörtun, djöfulinn (sbr. *hjörtu harðari steinum* Stokkh. Hom. 58¹⁴, *herða hjörtu sín* Stjórn 437²¹); *Herdis dyrr*: sbr. *Dómvalds dyrr* 29³, kemur í sama stað niður og *dyrr helvitis* á áðurgreindum stað í Alex. s. Ef til vill hefur »*Herebi*« í frumriti Alexanders sögu (sjá hjer að framan neðanmáls

1) Bls. 153¹⁴ á vist að lesa: þar hefz ok vel við *Proditio*, sú er leikr sér at *lymsku ok prettum*, sbr. 156⁷, þar sem *Proditio* kemur til sögunnar. Nafn hennar hefur auðsjáanlega fallið úr á bls. 153¹⁴.

við 59. bls.) vakað firir skáldinu, þegar hann kallaði djöfulinn *Herði*; það er varla tilviljun að nöfnin eru svo hljómlík. — 76³⁾ *organs stóli á: organ* þiðir annars það sem nú er nefnt ‚orgel‘. ‚Að sitja á organs stóli‘ er þá auðvitað sama sem að slá eða þeita organið. Annars táknaði *organum* á miðöldum líka eins konar ‚tvisöng‘, þannig lagaðan, að einn söng lagið, enn annar kvint eða kvart ofar eða neðar (*Ambros, Geschichte der musik* II 150.—151. bls.); ‚sitja á organs stóli‘ gæti þá þitt ‚að tvisingja‘. Enn hvort sem hjer er átt við organslátt eða tvisöng, þá er ljóst að tilgangur drósanna er að lokka til sín mennina með sönglist sinni og draga þá undir sitt vald (sbr. Alex. s.), sem leiðir til dira helvitis. Höf. virðist hjer hafa haft í huga söng Sirenanna (*Hom. Od. 12, 39 og 158, sbr. Hor. Sat. 2, 3, 14*). — Annars minnir staðurinn á *rökstólana* í Völuspá og *þularstólinn* í Hávam. 111. — 76⁴⁾: Leiðrjetting nauðsinleg sakir stuðlasetningar, og mjög líklegt, að getgáta Rasks *norna* hafi hitt á hið rjetta, sbr. hjer að framan á 47. bls. *Norna dreyri* tákna það sótt næmi spillingarinnar, sem breiðist út frá »nornunum« til mannanna og vekur hjá þeim hatur (*fjón*).

77: jörðin er hjer skoðuð sem eitt stórt skip, sem Freyja (= lostasemi) rær á; skipið fer þó eigi að eins firir árum, heldur líka firir seglum, sem hanga föst (*þruma*) á *þráreipum*, þ. e. reipum holdlegra fista; þau segl verða seint feld (*hlaði*), því að mennirnir losna seint við holdlegar fistir. — 77⁵⁾ *móðug*: ‚fikin‘, ‚sólgin‘, leitt af *móðr*, karlk., sem tákna sterka geðshræring, hverju nafni sem nefnist, og þá einnig sterka girnd. —

78: hjer lætur skáldið föðurinn boða sini sínum ráðninguna á *hjarthorninu*, þ. e. á rúnaletri því sem rist var á hjartarhornið, er Vigdvalinn bar úr haugi. Rúnir voru oft ristnar á horn (*Sigrdrifumál* 6⁴, *Egill Skallagr. Lausav. 3, F. J. Skjalded. I B 43. bls.*); önnur eða dipri þiðing felst varla í hjartarhorninu. Af þér í 2. vísuorði virðist mega ráða, að hornið sje í eign sonarins niðri á jarðriki. Af því að rúnaletrið, sem á eftir fer (í 79. og 80. er.), er auðsjáanlega grafletur ifir þá Sváfr og Sváfr-

loga (80³), virðist ljóst, að haugurinn, sem hjer ræðir um, er haugur þessara tveggja hjer á jörðu, og að Vig-dvalinn, sem (britur hauginn og) ber hornið út þaðan, er hugsaður sem jarðneskur maður. Í nafninu Vig-Dvalinn virðist síðari liðurinn tákna rúnfróðan mann í líking við dverginn Dvalinn, sem er látinn rísta rúnir fyrir dvergum eða kenna þeim rúnir í Rúnatali Hávamála (Hávam. 143), enn firri liðurinn hefur ekki aðra þiðing enn þá að gera nafnið að karlmannsnafoi í líking við *Vigfúss*, *Viglundur* og mörg fleiri. Ef þetta er rjett skíring, stíður nafnið mjög þá skoðun, að Rúnatal Hávamála sje firrind Rúnafáttarins í Sólarljóðum. Af því að faðirinn er dáinn og dvelur í himnaríki, hljóta *Sólkötlu synir* að vera einhverjir látnir menn, fjelagar hans hinumegin. P. heldur, að *Sólkalla* sje hin helga Jerúsalem og *Sólkötlu synir* samfjelag heilagra, og má vel vera, að það sje rjett. Enn líka getur verið, að *Sólkalla* sje hugsað sem nafn á látinni konu, margfróðri¹) og góðri (það felst í *Sól-*); verða þá *Sólkötlu synir* andaðir sinir þessarar margfróðu konu. Annars minna *Sólkötlu synir* sterklega á *Sólblinda synir* í Fjölsvinnsm. 10³.


79: hjer birjar rúnaletrið á því að segja, hver hafi rist rúnirnar, sem er alltítt í rúna-áletrunum, enn aðalefni rúnanna kemur í næsta erindi. — *Baugveig* virðist tákna ágirndina (*avaritia*), sbr. *Gullveig* í Völuspá 20; hún er talin elst Njarðardætra, því að ágirndin er rót allra sinda (sbr. áður). *Kreppvör* tákna liklega drambsemina (*superbia*), eiginlega sú sem »sitjar upp á« efri vör, sem er drambs merki. Í 4. og 5. visuorði ber síðara áhersluatkvæði stuðlana (*elzta : yngsta*), og er það líklega með vilja gert; það gefur vísunni nokkurs konar þulu-blæ.

80¹ *Bólvi*: þessu orði hefur Bugge bætt inn í, og er það nauðsinleg viðbót sakir kveðandi og hugsanasambands. Stuðlasetningin fer betur, ef það er selt inn á

1) *Kalla* kemur fyrir sem nafn á margfróðum eða fjölkunnugum konum, sbr. Eyrb. og Fóstbræðra sögu og Kölludraum í Ísl. gátum, þulum og skemtunum IV, 4.—15. bls.

undan, heldur enn á eftir, *hverju*. *Ból* tákna hjer ,sind' (sbr. Konr. Gíslason, *Njála* II 643.—644. bls.). Hugsunin er: þeir Sváfr og Sváfrlogi hafa drigt allar höfuðsindir. Nöfnin virðast leidd af *sofa* og tákna andvaraleisi þeirra fjelaga (sbr. *órækðar svefn* í Stokkh. Hom. 67¹¹ og 151³). — Í síðari vísuhelmingnum felst síðalærdómurinn: Ef menn selja sig undir vald höfuðsinda, verða þeir að vörgum. Það er varga athæfi að »vekja blóð og sjúga benjar«, sbr. *Völsungakv.* (H. Hund. I) 37.—38. er.: *þú hefr etnar ulfa krásir . . . opt sár sogin með svólum munn* (brigsl til *Sinfjötla*, sem um hrið hafði verið í vargsham, sbr. s. st. 43³⁻⁴ og *Völsungasögu* 8. k.). Hugsunin er lík og í *Sólarl.* 31: *Úlfum glikir osfrv.* — 80⁶: *undir* í hðrr. er að öllum líkindum skíring eða orðamunur við *benjar*, sem hefur slæðst inn í textann og á að falla burt (svo B. í útg. 1867). — *illum vana*: sbr. Sn.E. II 234. bls.: *synð spenn á sik illa venju*; Árni Jónsson, *Guðm.dr.* 39⁷⁻⁸: *áminnandi aprt at venda af ranginda venju langri.* — *ey*: ,ávalt'; vafasamt, hvort það á við *sugu* eða við *illum*.

Jeg hef áður tekið það fram, að þessi vísa er hugsuð sem grafletur, sem Njarðardæturnar hafa »ristit« þeim Sváfrloga (79²). Þetta er í líkingu talað. Án líkingar þíða orðin: það eru höfuðsindirnar allar níu, sem hafa gert þá fjelaga að þeim vörgum, sem þeir voru (sbr. *Bólvi hverju* 80¹).




Nú kemur að lokum niðurlag als kvæðisins í 2 erindum. Þar er minst stuttlega á tilgang kvæðisins og nafn þess (81. er.). Þá kveður faðirinn son sinn með ósk eða spá um endurfundi hinumegin og endar á stuttri bæn fyrir lifendum og dauðum (82. er.).

81¹⁻³: Faðirinn, sem er dáinn, biður son sinn, sem er á lífi, að kveða kvæðið fyrir kvikum, þ. e. fyrir lifendum. Með því er gefið í skin, að kvæðið hafi að geima holl ráð fyrir lífið, kristilegar lífsreglur. — 81⁴ *Sólarljóð*:

nafnið virðist benda til hinna dírðlegu erinda fir í kvæðinu, sem lisa hinu hinsta sólarlagi og öll birja á *Sól ek sá*; nafnið er áminning til lifenda, að hugsa oft um dauða sinn og búa sig vel undir hann. — 81⁵ *sjnask*: þ. e. ‚sína sig‘, ‚reinast‘ (ekki = ‚virðast‘).

82³ á *feginsdegi fra*: sbr. Sverris s. 37. k. (Fms. VIII 98. bls.); þar segir Magnús konungur við Erling jarl, föður sinn, særðan til ólifis: »*Finumsk á feginsdegi, fadir!*« *Feginsdagr er dies lætiliæ, gleðidagur útvaldra, þegar þeir finnast eftir dóminn* (P. Kvad 162. bls.). — 82⁴⁻⁶: Paasche vísar til firirbænarinnar firir dauðum í tíðabók kaþólsku kirkjunnar: *Requiem æternam dona eis, Domine!* Enn þá nær stendur þó firirbæn í *Missale gothicum* (frá 8. öld): *Tribue, quæsumus, ut viventes salutem, defuncti quietem consequantur sempiternam.* Hin fögru niðurlagsorð Sólarljóða virðast beint vera þídd eftir þeirri bæn (sbr. Baumgartner, *Nordische fahrten*, II, *Island und die Färöer*, 3. ausg., 285. bls. neðanmáls og Hj. Falk 54. bls.). Með þessari dírðlegu bæn klikkir kvæðið út. Við hana er engu að bæta; hjá henni verður alt smátt. Lengra hefur kvæðið aldrei verið. Vísu sú, sem það endar á í sumum handritum, er hjáróma og klaufaleg viðbót frá síðari tímum. Að því má leiða mörg óiggjandi rök, enn jeg læt mjer nægja að taka það fram, að það líkist ekki Sólarljóðaskáldinu að klikkja út með því að »dásama« sjálfur sitt eigið kvæði, og að eintöllumindin »Sólarljóðs«, borin saman við fleirtöllumindina *Sólarljóð* í 81⁴, kemur upp um falsarann.



Eftir efni sínu greinast *Sólarljóð* eðlilega í 4 þætti, sem hjer eru markaðir með firirsögnum, og er hver þáttur um sig ein samstæð og skipuleg heild.

Aftur á móti eru þættirnir fremur laust tengdir hver við annan, svo að sá þráður sem bindur þá saman, verður nokkuð á huldu og liggur ekki í augum uppi í fyrsta álitu.

Af þessu losi, sem í fljótu bragði virðist vera á uppi-stöðu¹⁾ kvæðisins, hafa ágætir vísindamenn viljað ráða, að sumir af þáttum kvæðisins væru síðari viðaukar eður og sjálfstæð kvæði, samtíða *Sólarljóðum*, sem ekki ættu neitt skilt við þau. S. Bugge vildi fella framan af kvæðinu bæði *Dæmapátt* og *Ráðatal* (1.—32. er.), er hann taldi síðar við aukið. F. J. heldur, að *Dæmapáttur* (1.—24. er.) sje sjerstakt kvæði, nokkurn veginn jafngamalt *Sólarljóðum*, og telur *Rúnabátt* ásamt 54., 55. og 56. er. síðari viðbót; það sem eftir verður, þegar þessu er kastað burt, nefnir hann »hin eiginlegu *Sólarljóð*«. Enn þá nærgöngulli við kvæðið er þó Guðbrandur Vigfússon. Útgáfa hans í *Corpus poët. Boreale* I 202.—217. bls. er gott dæmi þess, hvernig ekki má fara með gamalt rit. Hann býr sjer til úr kvæðinu tvö sjerstök kvæði. Annað þeirra kallar hann »*Sólarljóð*«, og nær það ifir þriðja þátt kvæðisins og niðurlagerindin (33.—75. og 81.—82. er.). Hitt kvæðið kallar hann »*The Christian's Wisdom*«, og nær það ifir alt það af kvæðinu, sem ekki kemst firir í »*Sólarljóðum*« útgefandans og 2^{1/2} erindi úr *Hávamálum* (!) að auk.

Að minni higgju eru *Sólarljóð*, eins og þau eru til vor komin, eitt samstætt kvæði frá upphafi til enda, samið af einum og sama manni og laust við síðari íauka. Og þó að þættirnir, sem það er samsett af, sjeu nokkuð sundurleitir, þá má þó, ef vel er leitað, finna þann rauða þráð, sem gengur gegnum þá alla, sameinar þá og gerir þá að einni heild, enn það er hin siðferðislega (epíska) stefna, sem einkennir kvæðið frá fyrsta til síðasta erindis. Þessi stefna velur sjer að eins mismunandi form. Stundum kemur hún fram í dæmisögum — svo í *Dæmapætti* og ekki síður í »sólarsögu« sálarinnar af sjálfri sjer, um líf sitt og dauða og lífið hinumegin, sem er ekki annað enn ein stór fræðandi dæmisaga — stundum í beinum ráðleggingum eða kristilegum lífsregl-

1) Svo nefni jeg það sem kallað er útlendu nafni »komposition«, og er líkingin dregin af vefnaði.

um — svo í Ráðatali — stundum í líkingum — svo í Rúnarætti um Njarðardæturnar. Enn sjálf stefnan er altaf söm við sig. Í öllu kvæðinu er ekki eitt einasta erindi sem ekki miðar að því að fræða kristna menn um, hvernig þeir eiga að lifa í þessum heimi, svo að þeir að lokum öðlist eilífa sælu með guði, og þetta á skáldið við, þar sem hann gefur í skin í niðurlaginu, að kvæðið sje ætlað lifendum (81³: *skaltu fyr kvikum kveða*). Það er kristilegt lífsregla og heilræða kvæði.

Höf. hefur orðið fyrir sterkum áhrifum af tveim kvæðum, sem setja fram heiðna lífsspeki, annað norræna, hitt klassíska. Þessi kvæði eru Hávamál og Disticha Catonis.

Endurminningar úr Hávamálum koma fyrir á einstökum stöðum í kvæðinu, ekki síst í 3. og 5. dæmi (sjá athugasemdir mínar hjer að framan við 12. og 19. er. o. fl. staði). Enn einkum hafa þó Hávamál haft ábrif á það form, sem Sólarljóðaskáldið gefur sínum kristilegu áminningum og lífsreglum. Þetta sínir sig first og fremst í bragarhættinum. Það getur ekki verið nein tilviljun, að höf. Sólarljóða hefur valið sjer ljóðahátt, hátt Hávamála, að irkja eftir, einkum þegar þess er gætt, að þau eru hið eina kristilega kvæði með þeim hætti. Í annan stað er auðsætt, að höf. hefur sniðið orðfæri sitt sem best hann gat eftir Hávamálum, og honum hefur tekist furðanlega að klæða sínar kristilegu hugmyndir í búning, sem minnir á firrindina. Loks hef jeg sínt það hjer að framan, að dæmisögur Hávamála hafa gefið höf. tilefni til að setja fram lífsreglur í dæmisögum og safna þeim saman í sjerstakan þátt, sem jeg kalla Dæmapátt, enn fremur, að Ráðatal Sólarljóða á sjer firrind í Loddfáfnismálum og Rúnarþátturinn að nokkru leiti í Rúnatali.

Hitt kvæðið, sem Sólarljóðaskáldið hefur haft til firrindar, er Disticha Catonis, annaðhvort hið latínska frumrit eða hin íslenska þiðing, Hugsvinnsmál. Jeg hef hjer að framan í athugasemdunum við einstaka staði í Sólarljóðum bent á svo marga tilsvarendi staði í Hugsvinnsmálum, sem eru svo nauðalikir, ímist að efni eða

orðfæri eða hvorutveggja, að hjer hlítur að vera eitthvert mjög náð samband á milli. Hj. Falk hefur á 57. bls. dregið saman í eitt marga slíka staði úr báðum kvæðunum, og mætti þó tína fleira til. Hann heldur, að Sólarljóðahöf. hafi haft fyrir sjer Hugsvinnsmál. Hjer við er það að athuga, að líkingarnar eru mjög oft ekki fölgjar í efni, heldur í orðfæri, og þessar líkingar virðast vera skáldinu alveg ósjálfráðar. Eðlilegasta skiringin á þessum ósjálfráðu líkingum virðist vera, að sami maður hafi þitt Disticha og ort Sólarljóð, og getur þá verið vafasamt, hvort Sólarljóðaskáldið hafi haft fyrir sjer sín eigin Hugsvinnsmál eða hið latínska frumrit þeirra, með öðrum orðum: hvort eldra sje, Hugsvinnsmál eða Sólarljóð. Samt sem áður hneigist jeg heldur að skoðun Falk's, að Sólarljóð sjeu ingri enn Hugsvinnsmál, og ræð jeg það einkum af einni af þessum ósjálfráðu líkingum, sem ekki hefur áður verið bent á. Það er einkennilegt við orðfæri beggja kvæðanna, að þau beita mjög oft fyrir sig atviksorðum, sem enda á *-liga*, og fyrir braglist þeirra, að þau setja þessi atviksorð langofast í enda vísuorðs, ekki þó frumorðs (svo nefni jeg 1. og 4. vo. í ljóðahætti), heldur annaðhvort víðurorðs (svo nefni jeg 2. og 5. vo. í sama hætti) eða sjerorðs (3. og 6. vo.). Að þessu leiti taka Hugsm. og Sólarl. sig alveg út úr öðrum kvæðum með sama hætti. Í Eddukvæðum með ljóðahætti eru atviksorð á *-liga* mjög fátið og eiga sjer ekki neilt ákveðið sæti í visunni. Úr þeim man jeg ekki eflir fleiri dæmum enn þessum: *árliga* Hávam. 33¹ og *fræknliga* Helga kviða Hjörv., Hrimgerðarmál 1⁴, hvortveggja fremst í frumorði, og *bráðliga* Fáfnism. 39⁵, síðast í víðurorði. Úr öðrum ljóðaháttarkvæðum: *snarlíga* Eiríksmál 5², síðast í víðurorði, *hyggilíga* Eyvindr, Hákonarmál 11⁴, *ofarlíga* Heiðreks gátur 34⁴ (Skjalded. II B 246. bls.), bæði þessi fremst í frumorði, og loks *heimsklíga* Visur úr Gautreks s. 2¹, sem mindar frumorð út af fyrir sig.

Í Hugsvinnsmálum koma fyrir þessi dæmi:

a) atviksorðið stendur síðast í víðurorði: *íðulíga* 45⁵, 48², 100⁵ og 135a⁵; *blíðliga* 11², *þunglíga* 51²,

fram(ar)liga 58², *rangliga* 66²; (*vandliga* 20² er vafasamt).

b) atviksorðið stendur síðast í sjerorði: *íðuliga* 17⁶, *kunnliga* 5³ (eðlaust rjettara enn *kynnliga*, sbr. útg. F. J. 6³).

c) atviksorðið stendur ekki síðast í visuorði: *varliga* 9³.

Í Sólarljóðum finnast þessi dæmi:

a) atviksorðið stendur síðast í viðurorði: *vandliga* 28², *hardliga* 37², *grimmliga* 51⁵, *kynliga* (*kýmiliga* hdr.) 66⁵, *hreinliga* 73².

b) atviksorðið stendur síðast í sjerorði: *skirliga* 10⁶, *grimmliga* 14³, *þungliga* 39⁶, *daprliga* 58³, *meinliga* 61⁶, *naudliga* 65⁶, *bjartliga* 69⁶, *hagliga* 72⁶.

c) atviksorðið stendur ekki síðast í visuorði: *þarfsamliga* 5³, *sannliga* 15³, *tryggliga* 20⁴, *hardliga* 67⁶.

Varla get jeg hugsað mjer sterkari sönnun fyrir því, að Sólarljóð og Hugsvinnsmál sjeu eftir sama manninn, enn það, að þau skuli tvö ein halda svona hóp í þessu einkennilega atriði gagnvart öllum öðrum kvæðum með sama hætti. Enn ef vjer berum þau saman hvort við annað, þá sjest, að Sólarljóð eru lengra á leið komin í tíðkun þessara atviksorða. Að visu eru áhöld milli kvæðanna um tíðleik atviksorðanna í niðurlagi viðurorða, og þar hafa Hugsvinnsmál jafnvel ífirtökin ífir Sólarljóð. Enn aftur á móti kemur það miklu oftast ífir í Sólarljóðum enn Hugsvinnsmálum, að slík atviksorð standi síðast í sjerorði; þar eru 8 dæmi í Sólarljóðum gegn 2 í Hugsm. Þetta er mjög eðlilegt, ef Hugsvinnsmálhöfundurinn og Sólarljóðaskáldið er sami maðurinn, enn þó því að eins, að Sólarljóð sjeu ingri enn Hugsvinnsmál. Vjer sjáum á Hugsm., að höf. þeirra hefur haft tilhneiging til að bregða fyrir sig áðurnefndum atviksorðum í lok viðurorða og líka enn þó miklu síður í lok sjerorða. Með vaxandi aldri og æfingu í að irkja var hætt við, að þessi tilhneiging kæmist upp í vana. Þegar sami maðurinn síðar orti Sólarljóð, var það því vel skiljanlegt, að hann

ljeti sjerorðin oftast enda á slíkum atviksorðum enn í firra kvæðinu.

Það er fleira, sem sýnir, að þessi tvö kvæði muni vera eftir sama manninn. Til þess tel jeg það, að bragarhátturinn er hinn sami, enn þó einkum, að sami andi gengur í gegnum bæði kvæðin. Í þeim báðum lisir sjer sami áhugi á siðferðislegum lífsreglum, klæddum í fögur og kjarnorð ljóð, og þó að Hugsvinnsmál sjeu að nafninu þiðing á heiðnum spakmælum, þá kemur þó víða fram í þiðingunni kristileg lífsskoðun alveg eins og í Sólarljóðum (sbr. útg. Gerings, formálann IX. bls.).

Vjer skiljum nú betur, hvernig Sólarljóð eru til orðin. Höfundurinn hefur án als efa verið klerkur. Jeg sje ekkert það í kvæðinu, sem mælir á móti því, heldur alt sem mælir með því (sbr. athugasemd við 69. er.), og ef það er hann sem hefur samið Hugsvinnsmál, hlítur hann að hafa verið latinulærður. Hann hefur þegar á unga aldri hneigst að lífsspeki og lesið Hávamál sjer til ánægju og fróðleiks. Í prestaskólanum eða klaustrinu hefur hann kinst Disticha Catonis, því að það rit mun hafa verið eitt af þeim sem mest var lesið af prestlingum (sbr. Sn.E. II 26. bls.). Þetta heiðna heilræðakvæði fjell honum svo vel í geð, að hann þiðdi það í íslensk ljóð, sem hann nefndi Hugsvinnsmál. Nokkru, ef til vill löngu, síðar kom honum til hugar, að það væri þarft verk og mundi verða vel þegið, ef hann gæti gefið samtíð sinni kristilegt heilræðakvæði í líking við Hávamál og Hugsvinnsmál. Þetta varð til þess, að hann orti Sólarljóð. Að hann hafi haft Hugsvinnsmál eða frumrit þeirra í huga, þegar hann samdi kvæðið, sjest á umgjörð kvæðisins. Það er alt lagt í munn föður, sem kennir sini sínum lífsreglur kvæðisins (sjá 81²). Þessi umgjörð er bersínilega tekin eftir Hugsvinnsmálum (Disticha). Munurinn er að eins sá, að eftir Sólarl. vitrast faðirinn sini sínum í draumi, enn svo er ekki í Hugsvinnsm. Sólarljóð eru draumvitran. Þessa hugmind, enn örfátt annað, virðist skáldið hafa fengið úr leiðsluritum (visionslitteratur) miðaldanna. Úr Hávamál-

um tók skáldið hugmindina til Dæmaþáttar, Ráðatala og Rúnarþáttar, sem áður er sint.¹⁾

Afstaðan við Hávamál og Hugsvinnsmál (Disticha) í sambandi við það, að kvæðið er draumvitran, skírir til fulls það los, sem virtist vera á uppistöðu Sólarljóða. Bæði Hávamál, eins og þau eru til vor komin, og Disticha eru sundurlausar hugleiðingar, og uppstada Sólarljóða er hátíð hjá uppistöðu þeirra. Það er rjett, að í Sólarljóðum er hlje milli þátta líkt og í sjónleik og að nítt efni birjar með hverjum þætti. Enn skáldlegt rjettmæli þessara málhvilda og straumhvarfa helgast af því, sem ekki má gleima, að kvæðið er draumvitran. Kvæðið er sönn ímynd draums, slær eins og hann á svipstundu úr einu efni í annað. Jeg sje því enga ástæðu til að vefengja eða útiloka neinn af þáttum kvæðisins. Dæmaþátturinn, sem flestir hafa hneixlast á, er að efni og formi í besta samræmi við það sem á eftir fer; 1. dæmið kemur að efni til saman við 72. og 74. er. (sjá

1) Þriðji þáttur kvæðisins, um líf og dauða og annað líf, er sá eini, sem ekki á sjer neina firirmind í Hávamálum, og er það ofur eðlilegt. Í heiðni vóru lífsreglur og spakmæli lítt miðuð við endurgjald í öðru lífi, heldur beindust að því að kenna mönnum verklega (praktiska) lífsspeki fyrir þetta líf. Því minnst Hávam. als ekki á endurgjald í öðru lífi. Enn með kristinni varð gagngerð breiting á afstöðu manna til annars lífs. Menn fóru að hugsa miklu meira um, hvað við tæki eftir dauðann. Hræðslan við refsingar annars heims og vonin um eilífa sælu hinumegin urðu hinar öflugustu hvatir til góðrar breiðni í þessu lífi og hið sterkasta aðhald af hálfu klerkanna, sem beittu óspart fyrir sig ógnum helvítis til að vara menn við illu og verðlaunum rjettlátra í paradís til að lada menn að kenningum kirkjunnar. Það er því mjög svo eðlilegt, að Sólarljóðaskáldið gerir 3. þátt að meginkjarna kvæðis síns. Kristilegt heilræðakvæði hlaut að leggja langmesta áherslu á þetta efni. Af Eddukvæðunum er það eiginlega Völuspá ein, sem talar um hegning vondra manna og verðlaun góðra eftir dauðann (Vsp. 37 og 63). Jeg þori ekki að fullirða, að þessi erindi Völuspár hafi vakað fyrir Sólarljóðaskáldinu í þessum þætti, enn grun hef jeg um, að hið margendurtekna *sá ek (ek sá)* í Sólarl. sje sniðið eftir hinum margítrek-
uðu orðum völnnar í Vsp. *sá hón (sér hón)*, sem þar standa meðal annars í upphafi erindanna um endurgjald og umbun.

athugasemd við þau); sömu eða mjög líkir talshættir koma fyrir í Dæmaþætti og öðrum þáttum, t. d. *ræna fé ok fjörvi* 1¹⁻² og 64²⁻³, *kallaðr frá kvölum* 24⁶ og 45⁶; *munaðar ríki hefir margan tregat* 10¹⁻² minnir á *æ koma mein eptir munuð* 68⁶; sú tilhneiging skáldsins að smíða sjálfur eiginöfn, sem kemur fram í Dæmaþætti (*Unnarr, Sævaldi* osfrv.), lisir sjer líka í öðrum þáttum (*Vánardreki, Glævaldr, Baugregin* í 3. þætti, nöfn Njarðardætra, *Sólkatta, Vigdvalinn, Sváfr, Sváfrlogi* í Rúnarþætti). Mælandinn í Dæmaþætti er bersínilega hinn sami dauði maður, faðirinn, sem eftirfarandi þættir eru lagðir í munn. Að hann er dáinn sjest glögt á því, að hann veit fullri vissu um afdrif þeirra manna, er hann segir frá, hinumegin grafar. Alt þetta, og þarmed Dæmaþátturinn allur, sver sig í sömu ætt, til sama höfundar. Sbr. Hj. Falk 54. bls.

Á því virðist enginn efi, að Sólarljóðaskáldið hefur þekt Svipdagsmál. Því til sönnunar er 67. erindi um písl ligara, sem er sama efnis og Fjölsm. 45. er. (sjá athugas. við 67). *Alda heimr* í 41. er. minnir á *ljóðheima* í Gró-galdri 2⁶: *ór ljóðheimum líðin* (sbr. í *kvölheima kominn* Sólarl. 53³) og *moldar genginn* 60² á Gróg. 2⁵: *til moldar komin. Sólköllu synir* 78³ svipar mjög til Fjölsm. 10³: *Sólblinda synir*, og nöfnin *Sváfr, Sváfrlogi* (og *Sváfaðr*) í 80³ (og 11²) til Fjölsm. 8³: *Sváfrþorinn* (afi Menglaðar), og ífirleitt virðist sú tilhneiging, sem Sólarljóðaskáldið hefur til að smíða eiginöfn, vera runnin frá eða að minsta kosti alin af Fjölsvinnsmálum, því að þar er mikið af þess konar nöfnum, t. d. *Menglōð, Sólbjartr, Vindkaldr, Várkaldr* o. fl. mannanöfn og fjallsnafnið *Lyffjaberg* (sbr. *Nornastóll* í Sólarl.).

Um aldur Sólarljóða hafa menn ekki verið á eitt sáttir, og einkennilegt er, að því betur sem menn hafa rannsakað kvæðið, því lengra hafa menn fært aldurstakmörkin niður á við (Hj. Falk 56. bls.). Rosenberg og Keyser hjeldu, að kvæðið væri samið laust fyrir eða um árið 1000, þegar heiðnin var í fjörbrotum; Guðbrandur Vigfússon og A. Chr. Bang hugðu það vera frá lokum

11. aldar; Finnur Jónsson ætlar það vera samið seint á 12. öld, og nú heldur Hj. Falk því fram, að það sje ekki eldra enn frá miðri 13. öld. Jeg hef áður hneigst að skoðun Finns Jónssonar, enn því meira sem jeg hef fengist við kvæðið, því dípra sem jeg hef reint að krifja það til mergjar, því sannfærðari hef jeg orðið um það, að kvæðið væri talsvert ingra enn við Finnur Jónsson höfum haldið. Það hlítur að vera nokkrum árum ingra enn Hugsvinnsmál, sem áður er sint. Nú eru Hugsm. varla eldri enn frá síðari helmingi 13. aldar, og er þá hæfilegt að setja Sólarljóð í lok sömu aldar. Í athugasemdunum hjer að framan við Rúnabátt hef jeg drepíð á það, sem P. benti til firstur manna, að höf. muni við samning þess þáttar hafa haft fyrir sjer staðinn um höfuðsinda-drósirnar í Alexanders sögu eða frumriti hennar Alexandreis »meistara Galterusar«. Alexanders saga virðist vera þídd af Brandi ábóta Jónssini árið 1262 í utanferð hans eftir boði Magnúss konungs Hákonarsonar (Gyðinga sögur, útg. Guðm. Þorlákssonar, 101. bls., sbr. Ísl. ann. 1262). Ef Sólarljóðaskáldið hefur haft þá sögu fyrir sjer, kemur það vel heim, að Sólarljóð sjeu ort seint á 13. öld, og jafnvel þó að það væri frumritið latínska, sem lá fyrir honum, þá er ekki vist, að það hafi komið til Íslands fir enn um það leiti sem Brandr þíddi kvæði Galterusar, því að það er ekki ort fir enn í lok 12. aldar. Hafi Sólarljóðahöfundurinn haft fyrir sjer Gunnlaugs sögu ormstungu, þegar hann samdi 3. dæmi Dæmapáttar, eins og efnið virðist benda til, þá getur kvæðið ekki verið eldra enn frá síðustu árum 13. aldar, því að Gunnlaugs saga virðist vera samin seint á sömu öld (sjá ritgjörð mína Om Gunnlaugs saga ormst., Kh. 1911, 54. bls.). Enn vera má, að skáldið hafi þekt aðalefni Gunnl. s. af munnmælum einum, og þá fellur þessi röksemd niður. Til sama tíma benda og ingri orðmindir: *svíkit* 6⁶ fyrir eldra *svíkvit* er varla komið inn í málið fir enn á öðrum fjórðungi 13. aldar¹); *utan* 44⁶ fyrir eldra *útan* er varla

1) Elsti kaflinn af AM. 645, 4^o, sem að dómi Larsson's er skrifaður á árunum 1225—1250, hefur báðar þessar mindir.

eldra enn frá síðari helmingi 13. aldar. Ef orðmindin *gá* fyrir *ganga* er upphafleg í 25⁶ (sbr. athugas. við þann stað), getur kvæðið varla verið ort fir enn nokkru eftir aldamótin 1300. Að kvæðið sje tiltölulega ungt, sjest og á því að það gerir Freyju að konu Óðins.

Þó að kvæðið sje ekki gamalt, er það einn af hinum skærustu gimsteinum bókmenta vorra. Í þeim gimsteini brotna ljósöldur útlendrar og innlendrar menningar, því að skáldið stendur með annan sótinn í kenningum kirkjunnar enn hinn í Hávamálum. »Röddin er Jakobs, enn hendurnar Esaús«. Hugsanir kvæðisins eru hákirkjulegar, rammkapólskar, í besta samræmi við kenningar presta á dögum höfundarins, eins og P. best símir, innfluttar frá Norðurálfu með kristninni. Enn búningur hugsananna, bragarhátturinn, orðfærið, í einu orði listin, er spunnin af rammíslenskum toga, sem á upptök sín lengst aftur í heiðni, í spakmælakveðskap heiðninnar, í Hávamálum. Fornskáldakveðskapurinn hafði þegar fyrir löngu gengið í þjónustu kirkjunnar, eins og sjest á hinum mörgu helgi-kvæðum. Nú, í Sólarljóðum, tekur kirkjan Eddukveðskapinn í þjónustu sína, því að Sólarljóð eru kristilegt Eddukvæði, kristileg Hávamál, og hefur kvæðið því ekki alveg ófirirsinnju verið tekið inn í Eddukvæðaútgáfur.

Engum nema Guðbrandi Vigfússini hefur, svo að jeg viti, dottið í hug að efast um, að Sólarljóð væri til orðin á Íslandi. Þar, og hvergi nema þar, eru þau skilirði fyrir hendi um það leiti, sem kvæðið er til orðið, sem þarf til að skapa slíkt kvæði. Þar, og hvergi nema þar, má um þær mundir gera ráð fyrir þeirri djúpu þekkingu og þeim næma skilningi á list hins forna spakmælakveðskapar, sem kvæðið ber vott um. Handritin eru líka öll íslensk. Þjóðsaga, sem rekja má til ofanverðrar 17. aldar, eignar Sæmundi fróða kvæðið, enn hún fellur um sjálfa sig, því að kvæðið er miklu ingra enn frá dögum Sæmundar.

Því miður verður vist aldrei leist úr þeirri gátu, hver sje höf. þessa dirðlega kvæðis, enn með kvæðinu hefur hann markað sjer sæti í fremstu röð meðal íslenskra skálda. Að orðsnild og háfleigu ímíndunaraffli á hann sjer

fáa líka. Hin gullfagra lísing á sólarlaginu í 39.—45. erindi er eins dæmi í hinum fornu bókmentum vorum¹⁾. Jeg hef svift þessa lísing nokkru af þeim dularfulla blæ, sem eldri skírendur höfðu lagt ífir hana, enn við það nítur hún sín enn betur sem náttúruleg lísing. Ágætlega hefur P. (Kvad 167.—168. bls.) list þeirri snild, sem kemur fram í kvæðinu. Hann setur þar Sólarljóð á bekk með Völuspá og Lilju. Lengra verður ekki jafnað, enn að minni higgju er sá samjöfnuður fullkomlega rjettmætur.

Að endingu leifi jeg mjer að benda listamönnum vorum, tónskáldum, málurum og mindasmiðum á þau verkefni, sem biða þeirra í Sólarljóðum. Varla get jeg hugsað mjer fegurra efni í íslenskt *oratorium* enn Sólarljóð. Og eru ekki hinar mörgu mindir, sem kvæðið bregður fyrir hugskots augu vor, eins og skapaðar til að íklæðast holdi og blóði af íslenskri list? Jeg hef það traust til íslenskra listamanna, að þeir láti ekki þennan fjársjóð ónotaðan. Jeg sje í anda næstu útgáfu Sólarljóða þridda mindum, gerðum af meistarahöndum.

1) Sbr. Th. Hjelmkvist: Naturskildringarna i den norrøna diktningen 121.—122. bls.: »Solstroferna innehålla den mest stämningsfulla teckning af aftonens skönhet, som finnes i norrön litteratur«.



Leiðrjettingar.

Í útgáfu þessari hef jeg gert greinarmun á æ og œ bæði í texta kvæðisins og í tilvitnunum til þess í athugasemdunum. Ef Sólarljóð eru ekki eldri enn frá lokum 13. aldar (sbr. 72.—73. bls.), er þetta miður rjett, því að um þær mundir eru þessi hljóð runnin saman. Ónákvæmni í greiningu þessara stafa hef jeg orðið var við á bls. 9^o: sætan les sœtan.

Á bls. 25^o og 25^{1o} hefur misprentast *er* fyrir *es*.
~~63^o les Bölu~~